

## Ábyrgðin er okkar allra

**Mikil fjölgun** hefur orðið á alvarlegum slysum og banaslysum þar sem erlendir ferðamenn koma við sögu. Bandarískur maður komst í hann krappan á dögnum. Innanríkisráðherra, Ólöf Nordal, segir unnið að því að bæta öryggi á vegum, en til þess þurfi meira fjármagn.

→16



FRÉTTABLAÐIÐ/UNA

Í bænum um helgina? →20



Vonarstjórnur demókrata →8



twitter

What is Twitter?

Twitter í frjálsum falli →4



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlökönnun Gallup apríl-júní 2015



## Góða helgi!

lyfja.is

### Opið alla verslunarmannahelgina

Verslanir Lyfju í Lág múla og Smáratorgi verða opnar frá kl. 8-24 alla helgina.



## Útsalan


er í fullum gangi

Opið til 18 í dag

SMÁRALIND



## Veður



Norðlæg átt í dag, yfirleitt 5-10 m/s. Að mestu léttskyjað sunnan- og vestanlands, dálítill súld eða rigning með köflum norðaustan og austan til, en annars úrkomulítið. Hiti 9 til 18 stig, hlýjast SV-lands. **SJÁ SÍÐU 30**



Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði manninn í fjögurra vikna gæsluvarðhald í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Grunur um hrottalegt brot

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur karlmaður er grunaður um að hafa nauðgað konu og beitt hana hrottalegu ofbeldi á heimili hennar á föstudag fyrir rúmri viku. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á maðurinn meðal annars að hafa skoríð í andlit konunnar. Maðurinn, sem er fæddur 1991, og konan þekktust.

Hann var handtekinn á heimili konunnar og var úrskurðaður í einnar viku gæsluvarðhald sem rann út í gær. Gæsluvarðhaldið var framlengt um fjórar vikur á grundvelli almannahagsmuna. Sá úrskurður hefur verið kærður til Hæstaréttar að sögn Einars Huga Bjarnasonar, verjanda mannsins, og kemur í ljós eftir helgi hver niðurstaðan verður. Einar segir skjólstaðing sinn lýsa yfir sakleysi sínu en tjáir sig ekki frekar um málið.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er rannsókn málsins langt komin.

– ngy



Einar Hugli Bjarnason

## Innipúkinn undirbúinn



Á sama tíma og margir fara í tjaldútilegu eða í sumarbústað um verslunarmannahelgina eru aðrir sem kjósa helst að vera innanbæjar. Innipúkinn í Reykjavík er hugsaður fyrir þá sem vilja lyfta sér upp en ætla ekki út úr bænum. Undirbúningur hátíðarinnar stóð sem hæst í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fangi á Sogni sviptur tölvu

**FANGELSISMÁL** Fangi á Sogni var nýlega sviptur leyfi til að hafa tölvuna sína í einn mánuð. Samfangar mannsins segja ástæðuna vera þá að maðurinn hafi verið fundinn sekur um að horfa á klám. Fanginn situr inni fyrir kynferðisbrot gegn 14 ára stúlku.

Tryggvi Ágústsson, staðgengill forstöðumanns fangelsisins, segist ekki geta tjáð sig um mál einstakra fanga. Hann segir þó að fangar megi ekki nýta nettengingu fangelsisins til að skoða klámfengið, ofbeldisfullt eða annað ólöglegt efni. „Ef þeir eru staðnir að því þá missa þeir tölvuna,“ segir Tryggvi og bætir við að á þessu ári hafi komið upp mál þar sem fangar hafi framið tölvubrot bæði á Sogni og Litla-Hrauni.

Samfangarnir segja manninn hafa fengið dagsleyfi skömmu eftir brotið og segja það úr takti við reglur. – ngy

# Einn himinlifandi með frábært geitungasumar

Köngulóarmaðurinn Ólafur Sigurðsson segir óhemju mikið af holugeitungi og að bú trjágeitunga séu stærri en hann hafi séð í fimmtán ár sem geitungabani. Ólafur er hæstánægður með sumarið og kvartar ekki þótt hann sé stunginn.

**NÁTTÚRA** „Það er mikið geitungasumar, þetta er æðislegt,“ segir Ólafur Sigurðsson geitungabani, einnig kallaður Köngulóarmaðurinn.

„Það er fullt af holugeitungi og trjágeitungabúin eru stærri en ég hef nokkurn tíma séð. Þetta er alveg dundurvertið, það er hreinlega búið að vera alveg brjáláð,“ segir Ólafur sem hefur fengist við að uppræta geitungabú í fimmtán ár.

„Það var ekkert sérstakt í fyrra og enn þá verra þar áður en núna er mjög mikið geitungasumar, á við það sem best hefur verið,“ segir Ólafur. Helst sé að jafna við sumrin 2003 og 2004. „Þá var svakalega mikið.“

Að sögn Ólafs stinga geitungar ekki nema þeim sé ógnad. „Þeir eru úti um allt og fólk er að slá til þeirra og æsa þá upp og þá eiga þeir það til að stinga,“ segir hann. Flugurnar séu mjög örur þegar hlýtt sé í veðri og þá sé frekar að búast við stungum.

Ólafur kveðst ekki vera í sérstökum hlífðargalla vegna þess hversu langan tíma taki að klæða sig í hann og úr. Stundum verða óhöpp játar hann enda sé hann að ráðast með eitri á bú geitunganna. „Þó að maður sé kannski stunginn tvisvar, þrisvar á sumri þá er það ekkert alvarlegt. Það er gjaldíð fyrir að losna við gallann.“

Ólafur segir starfið spennandi og því fylgi útivera í náttúrunni.

„Ég hef verið kennari, ég hef verið til sjós á togurum, hef verið rannsóknarmaður hjá Raunvísindastofnun, verkefnastjóri hjá Iðntækni- stofnun, yfirgædamatsmaður hjá



Ólafur Sigurðsson var í gær í Vesturbænum í Reykjavík að eyða geitungabú sem var þar upp í tré. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Þetta er það allra skemmtilegasta sem ég hef gert.

Ólafur Sigurðsson geitungabani



fiskvinnslu á Hjaltlandseyjum og ég get haldið áfram að telja en þetta er það allra skemmtilegasta sem ég hef gert,“ segir Ólafur.

Þannig að viðskiptin blómstra þótt ekki séu allir eins ánægðir og Ólafur með það. „Ég veit það,“ svarar Köngulóarmaðurinn og hlær glaðhlakalega. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

21. OKT - 3. NÓV. 2016 NÁNAR Á UU.IS

## DRAUMADVÖL Á BALÍ

Upplifðu það besta sem Balí hefur upp á að bjóða. Ferð sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Ferðin í fyrra seldist upp á örfáum dögum. Fararstjóri: Halla Frímansdóttir.

VERÐ FRÁ 398.900 KR.

Innifalið er flug, gisting, skattar, íslenskarfararstjórn, taska og handfarangur.



OLZA  
**PRINCE POLO**  
od 1955 roku

Safnaðu 10 strikamerkjum og þú gætir unnið...  
**Fjölskylduævintýri**

Keifa og  
Shake & Pizza  
fyrir fjóra

Jívoliferð  
til Köben  
fyrir fjóra

Gjafabréf  
í Valdís

Miðar  
á Justin  
Bieber



Allt um feikinn og hvenær verður dregið á:  
[princepolo.is](http://princepolo.is)

TÖLUR VIKUNNAR 24.07.2016-30.07.2016

**580**

selir saúst í selatálfingu á Vatnsnesi og Heggstaðanesi þann 21. júlí.

**34** agabrot hafa verið skráð á Litla-Hrauni vegna **fíkniefna-neyslu fanga**.



Höfundaréttarhafar tapa **1,1 milljarði** króna árlega vegna ólöglegs niðurhals.

**64** Afskipti voru höfð af **64 leigubílum og hópferðabílum** við eftirlit í Sundahöfn í Reykjavík í síðustu viku.

TAXI



Gengi hlutabréfa í **Icelandair Group** lækkaði um **8,07** prósent í **1.250** milljóna króna viðskiptum á fimmtudaginn.

Atvinnuleysi á Reykjanesi mældist 1,7 prósent í júní samkvæmt bráðabirgðatölum Vinnuálastofnunar.

**1,7%**

**200%** fleiri **hraðakstursbrot** urðu á fyrri helmingi ársins miðað við sama tíma fyrir ári.

## Þrjú í fréttum Lögreglumál og læknaturismi

### Sigríður Björk Guðjónsdóttir

lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

hefur lagt niður fíkniefnabrotadeildina og sameinað verkefnið annarri deild. Karl Steinar Valsón, tengifulltrúi Íslands hjá Europol, segir það vera úreltan hugsanagang að skoða fíkniefnabrotin ein og sér og ekki til þess fallið að skila yfirvöldum árangri.



### Jakob Frimann Magnússon

tónlistarmaður

er ánægður með stjórnvöld þegar kemur að því að verja höfundarétt og baráttu listamanna. Jakob Frimann vill að innan lögreglunnar verði starfssvið sem tekur á ólöglegu niðurhali. Deildin verði ekki hluti af almennum netglæpum eða efnahagsbrotum, heldur verði eftirlit aukíð. Farið verði eins með þá sem hlaða niður efni ólöglega og aðra sem haga sér ólöglega.



### Kári Stefánsson

forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

gagnrýndi harðlega hugmyndir um uppbyggingu einkaspítala í Mosfellsbæ í aðsendri grein í Fréttablaðinu. Kári segir læknisfræðiturisma erfðan bíssness og meira en víst að einkaspítalinn myndi hægt og hægt draga til sín fé frá heilbrigðiskerfi íslensks almennings og leggja af mörkum til þess að búa til stéttaskiptingu í heilbrigðisþjónustu í landinu.



# Óttast um framtíð Twitter

Gengi hlutabréfa í Twitter hefur hríðfallið á árinu. Markaðsvirði fyrirtækisins er nú fjórutíu prósentum lægra en þegar það fór á markað. Notendum fjölga hægt. Óttast er að Twitter sé Yahoo samfélagsmiðlanna.

**838**

milljörðum króna lægra er markaðsvirði Twitter í dag en fyrir þremur árum.

» Notendum Twitter fjölgaði um 3,6 prósent en notendum Facebook um 19 prósent á einu og hálfu ári.

**VIÐSKIPTI** Á þriðjudaginn kynntu forsvarsmenn samfélagsmiðilsins Twitter uppgjör annars ársfjórðungs hjá félaginu sem sýndi að tekjuvöxtur var minni en á síðasta ári og að virkum mánaðarlegum notendum hefði einungis fjölgað um þrjú prósent á einu ári. Í kjölfarið lækkaði gengi hlutabréfa í félaginu um fjórtán prósent.

Fregnir af erfðileikum hjá Twitter eru ekki nýjar. Ber þar hæst að illa hefur gengið að fjölga notendum. Virkir mánaðarlegir notendur voru 313 milljónir í lok annars ársfjórðungs 2016 og hafði einungis fjölgað um 11 milljónir, eða 3,6 prósent. Til samanburðar voru notendur Facebook 1,7 milljarðar í lok annars ársfjórðungs og hafði fjölgað um rúmlega 400 milljónir, eða tæplega 19 prósent, á sama tímabili.

Gengi hlutabréfa í Twitter hefur lækkað um tæplega sjötíu prósent frá því í apríl á síðasta ári og er markaðsvirði fyrirtækisins nú 11 milljarðar dollara, samanborið við 18 milljarða dollara þegar það fór á markað árið 2013. Lækkunin nemur 838 milljörðum íslenskra króna.

Twitter var stofnað árið 2006 og fór ört vaxandi í upphafi. Árið 2007 var fjöldi tísta á hverjum ársfjórðungi 400 þúsund og voru þau orðin 100 milljónir á hverjum ársfjórðungi árið 2008. Tistin voru svo orðin 140 milljónir á dag í mars 2011. Fljótlega voru frægir einstaklingar komnir á Twitter og með tugi milljóna fylgjenda. Söngkonan Katy Perry er til dæmis með 91 milljón fylgjenda.

Fyrirtækið óx svo gríðarlega með yfirtökum á fyrirtækjum á borð við

Niche, Periscope og TellApart. Frá 2015 hafa greiningaraðilar hins vegar óttast að vöxtur hjá fyrirtækinu sé að dragast saman. Við síðustu afkomutilkynningu sagði Michael Pachter, greiningaraðili hjá Wedbush, að Twitter væri Yahoo samfélagsmiðla en tekjur Yahoo hafa farið minnkandi síðan á fjórða ársfjórðungi 2011.

Tekjur Twitter fara ennþá vaxandi en þær hækkuðu um tuttugu prósent á milli ára og námu 602 milljónum dollara, jafnvirði 73 milljarða íslenskra króna, á öðrum ársfjórðungi. Þetta var hins vegar fyrir neðan spár greiningaraðila og minni tekjuvöxtur milli ára en árið áður.

Ofan á þetta bætist að forsvarsmenn fyrirtækisins spá einungis 590 til 610 milljóna dollara tekjum á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 682 milljóna dollara tekjuspá greiningaraðila. Stjórnendur Twitter virðast því ekki hafa náð að sannfæra fjárfesta um vaxarmöguleika fyrirtækisins.

Annað vandamál sem Twitter stendur frammi fyrir eru notendur sem hætta á miðlinum sökum net-

trölla. Sér í lagi þekktir einstaklingar.

Pachter sagði í minnisblaði á miðvikudaginn að líkt og Yahoo hafi Twitter staðnað. Stjórnendur séu ekki að einbeita sér að því að fjölga notendum. Hann telur að vöxtur hjá fyrirtækinu verði lítill þangað til náist að taka á notendavandanum. Hann segir þjónustuna of flókna fyrir meðalman sem notar internetið.

Annað sem spilar inn í tekju-módel Twitter er að Facebook og Google eiga stóran bita af auglýsingakökunni á netinu og þarf Twitter að keppa við Microsoft, Yahoo og fleiri rísa um það sem eftir stendur.

Jack Dorsey, framkvæmdastjóri Twitter, hefur lagt til að ýta undir notkun myndbanda á miðlinum og þann möguleika að hafa viðburði í beinni. Vandamálið er að Facebook og Google eru með sömu hugmyndina til að fjölga auglýsendum. Timinn verður að leiða í ljós hvort Twitter muni ná sér á strik, en nú þegar eru aðrir samfélagsmiðlar, eins og Instagram, komnir fram úr Twitter í fjölda notenda.

saeunn@frettabladid.is

## Áratugar saga samfélagsmiðilsins Twitter

**21. mars 2006**  
Twitter stofnað af Jack Dorsey, Evan Williams, Biz Stone, og Noah Glass. Dorsey er framkvæmdastjóri.



**16. október 2008**  
Williams verður framkvæmdastjóri

**Mars 2010**  
30 milljónir virkra mánaðarlegra notenda.

**4. október 2010**  
Dick Costolo verður framkvæmdastjóri.



**7. nóvember 2013**  
Twitter skráð í kauphöllina í New York, markaðsvirðið 18 milljarðar dollara

**5. febrúar 2014**  
Fyrstu ársfjórðungsniðurstöður fyrirtækisins –

**511** ↓  
milljóna dala tap



**1. júlí 2015**  
Dorsey tekur aftur við sem framkvæmdastjóri

**27. júlí 2016**  
313 milljónir virkra mánaðarlegra notenda. Markaðsvirðið tæpir 11 milljarðar dollara

## FRÉTTABLAÐIÐ

**57,4%**

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.\*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

Gallup, apríl–júní 2016.



Allt sem þú þarft ...

## Telja gjald lögreglu ólöglegt

**FJALLABYGGÐ** Bæjaryfirvöld í Fjallabyggð neita að greiða lögreglunni gjald vegna öryggisgæslu um verslunarmannahelgina líkt og síðustu ár. Segir Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, enga lagastöð fyrir gjaldtökunni.

Síldarævintýrið á Siglufirði hefur verið haldið síðan 1991 á Siglufirði og hefur sveitarfélagið íðulega greitt lögreglunni gjald vegna hátíðarinnar. Nú kveður hins vegar við nýjan tón og ætlar Fjallabyggð ekki að greiða gjaldið, 180 þúsund krónur, nema dómstólar eða aðra stjórnvald komist að niðurstöðu um að Fjallabyggð eigi að greiða umrætt gjald.

„Við höfum alla tíð greitt þennan reikning en við teljum enga lagastöð fyrir upphæðinni. Þessi hátið er að því marki ólík öðrum að ekki er selt inn á hana og því eigum við ekki að þurfa að borga fyrir öryggisgæslu meðan á hátíðinni stendur.“

Þessi hátið er að því marki ólík öðrum að ekki er selt inn á hana og því eigum við ekki að þurfa að borga fyrir öryggisgæslu meðan á hátíðinni stendur.

Gunnar I Birgisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar



Öllum er frjálst að koma til Fjallabyggðar,“ segir Gunnar.

I gær var haldinn fundur í bæjarráði Fjallabyggðar þar sem málið var eina mál á dagskrá. Þar var bókað að lögreglan og bæjaryfirvöld hefðu komist að samkomulagi. „Fjallabyggð mun ekki greiða umræddan löggæslukostnað nema að dómstólar eða aðra stjórnvald ákveði að Fjallabyggð beri að greiða þennan kostnað. Fjallabyggð mun eðlilega hlíta þeim úrskurði. Lögreglustjóraembættið mun í framhaldi af þessari ákvörðun bæjarráðs gefa út jákvæða umsögn til Sýslumannsembættisins varðandi tækifærisleyfi fyrir hátíðina.“

Gott samstarf hefur ávallt verið á milli bæjaryfirvalda í Fjallabyggð og lögreglunnar á Norðurlandi eystra og verður það óbreytt, þrátt fyrir framangreindan ágreining,“ segir í bókuninni. – sa



**KATRÍN TANJA DAVÍÐSDÓTTIR  
ER HEIMSMEISTARI Í CROSSFIT  
ANNANÐ ÁRIÐ Í RÖÐ!**

# VIÐ ÓSKUM KATRÍNU INNILEGA TIL HAMINGJU

**MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.**

KATRÍN TANJA DAVÍÐSDÓTTIR  
HEIMSMEISTARI Í CROSSFIT  
2015 OG 2016

**HLEÐSLA** 100%  
ÍPRÓTTADRYKKUR HÁGÆÐA  
PRÓTEIN

HVER SEM ÍPRÓTTIN ER, MARKMIÐIÐ ER ALLTAF AÐ VERÐA BETRI.  
HLEÐSLA ER ÍPRÓTTADRYKKUR ÚR NÁTTÚRULEGUM ÍSLENSKUM  
HÁGÆÐAPRÓTEINUM SEM BYGGIR UPP VÖÐVANA.  
MEIRI ÁTÖK. **MEIRI HLEÐSLA.** MEIRI ÁRANGUR.



HLEÐSLA.IS





Tveir létust er sjúkraflugvél Myflug först.

## Rannsókn á flugslysi lokið

**FLUGMÁL** „Rannsókn er lokið og drög að lokaskýrslu hafa verið skrifuð,“ svarar Þorkell Ágústsson hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa spurður um stöðu rannsóknar á flugslysinu í Hlíðarfjalli fyrir tæpum þremur árum, á frídegi verslunarmanna 2013.

„Drögin eru nú til meðferðar hjá nefndinni og að því loknu verða þau send aðilum máls til umsagnar. Ef umsagnir berast verða þær teknar fyrir hjá nefndinni og að því loknu verður lokaskýrsla birt á vefsvæði RNAA,“ segir Þorkell.

Spurður um ástæður tafa á útgáfu skýrslu um slysið í Hlíðarfjalli þar sem tveir létust segir Þorkell að ákveðið hafi verið að ljúka fyrst við skýrslu vegna rússneskrar þotu sem sem fór út af braut á Keflavíkurflugvelli 21. júlí 2013 eða skömmu fyrir slys TF-MYX. – gar

» Skýrsludrög eru nú til meðferðar hjá nefndinni og að því loknu verða þau send málsaðilum til umsagnar.

## Frans páfi í Kraká



Frans páfi heilsaði prestum við komuna til Blonia í Kraká í gær. Þessa dagana fer fram hátíðin Heimsdagur æskunnar (e. World Youth Day) í Kraká og Brzeghi í Póllandi. Hátíðin stendur til og með 31. júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og berjasérfræðingur, segir árið 2016 einstakt til berjatinslu.

## Einstaklega gott berjaár

**NÁTTÚRA** „Það lítur alveg einstaklega vel út með sprettuna og má segja nánast alls staðar á landinu,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og berjasérfræðingur.

„Það er enn ráðlagt að handtína bláberin og aðalbláberin, það er misjafnt hvernig þau spretta. Á norðanverðu Snæfellsnesi voru aðalbláber orðin þroskuð víða fyrir svona viku en bláber áttu talsvert í land. En á Stöðvarfirði voru bláberin á undan. Á báðum stöðum eru góð krækiber og þó enn sé ekki kominn ágústmánuður er alveg óhætt að fara að taka til ílát og fara að koma sér í berjamó,“ segir hann. Sveinn Rúnar segir að einn af

höfuðþáttunum sem skýri hversu líflæg sprettan er í ár sé hitinn í vor. „Maímánuður sló hitamet hjá okkur og júnímánuður var líka góður.“

Hann segir að verið sé að tína fyrr heldur en venjulega. „Þetta er mikil spretta og ætlað að verða einstaklega gott berjaár, og langt berjatímabil. Það er ekki bara hvað verið var gott og þetta fór vel af stað, heldur hefur sumarið verið svo hlýtt út um allt land, það hefur sannarlega sitt að segja,“ segir Sveinn Rúnar.

Hann segir erfitt að vita hversu langt berjaárið verði, næturfrostin bindi venjulega enda á berjasprettuna, en hægt er að tína langt fram í október. – sg

## Þrjú mál gegn ESA tapast

**STJÓRNSÝSLA** Ísland tapaði í gær þremur málum fyrir EFTA-dómstólnum sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) höfðaði.

Eitt mála sneri að því að Ísland var of seint að endurheimta ríkisadstoð við fimm fyrirtæki sem ESA taldi að gengi gegn EES-samningnum. Í tilkynningu frá atvinnuvegaráðuneytinu kom fram að vonast væri til að ljúka öllum málum á

næstu vikum. Þar kom fram að samkomulag um endurheimtur á styrkjum til GMR endurvinnslu væru á lokastigum. Þá hefðu samningar við Kísilfélagið og Thorsil aldrei komist til framkvæmda, máli vegna Verne væri lokið og samkomulag hefði náðst gegn Becromal. Ísland tapaði einnig málum er sneru að því að íslenska ríkið innleiddi ekki EES-reglur innan tilskilins tímafrests. – ih

# Félög Middeldorps án starfsleyfis í Hollandi

Félög sem sögð eru eiga að fjármagna nýtt sjúkrahús í Mosfellsbæ eru ekki með starfsleyfi til að sinna eignastýringu í Hollandi. Þau eiga þó að vera með minnst um 50 milljarða í eignastýringu. Forsvarsmaður félagsins segist ekki þurfa leyfi.

**VIÐSKIPTI** Félög sem sögð eru eiga að fjármagna byggingu einkarekins spítala og hótels í Mosfellsbæ eru ekki á skrá yfir aðila sem hafa starfsleyfi hjá hollenska fjármálaeftirlitinu AFM eða hollenska seðlabankanum DNB.


Henri Middeldorp, stjórnarformaður MCPB, sem hyggst standa að framkvæmdunum í Mosfellsbæ hefur sagt að þær verði fjármagnadar með láni frá félaginu Burbanks Capital, sem sé dótturfélag Burbanks Holding, sem hann eigi meirihlutann í. Það fjármagn, um 50 milljarðar króna, sé komið frá fjárfestum sem ekki séu hluthafar í Burbanks Capital heldur sé félagið með fé í eignastýringu fyrir þá.

Middeldorp segir að hjá Burbanks Holding starfi einn starfsmaður auk hans sjálfs og félagið hafi fjárfest í verkefnum víða um heiminn fyrir hönd sinna fjárfesta, til dæmis í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Bandaríkjunum. Allar fjárfestingarnar hafi verið í vatnsverkefnum, sjálfbærum auðlindum eða heilbrigðisgeiranum.

Michiel Gosens, upplýsingafulltrúi hjá hollenska fjármálaeftirlitinu AFM segir að allir sem veiti fjármálaþjónustu í Hollandi þurfi starfsleyfi frá hollenska seðlabankanum DNB eða AFM. „Eignastýring myndi falla undir okkar umsjón. Við erum með sérstaka eignastýringardeild,“ segir Gosens sem kveðst þó ekki geta tjáð sig um einstök mál eða fyrirtæki.

Ekkert félag undir nafninu Burbanks er á skrá yfir aðila með starfsleyfi hjá AFM eða DNB. Félagin er að finna í hollensku fyrirtækjaskránni en þau hafa ekki skilað ársreikningi.

Middeldorp segir félögin ekki þurfa starfsleyfi. „Þú þarft leyfi frá



/// Lóðin sem MCPB hefur leigt af Mosfellsbæ er hugsuð undir 30 þúsund fermetra byggingu.

ÚTLHUTUÐ LÓÐ X

**Eignastýring myndi falla undir okkar umsjón. Við erum með sérstaka eignastýringardeild.**

Michiel Gosens, upplýsingafulltrúi hjá hollenska fjármálaeftirlitinu, AFM

Seðlabankanum þegar þú sækist eftir fé opinberlega en við erum ekki að því.“

Á Facebook-síðu samvinnufélagsins Burbanks Capital var auglýst eftir fjárfestum til að leggja fram fé

gegn allt að átta prósentu ávöxtun. Á heimasíðu Burbanks Capital var fjárfestum sem lögðu verkefnum til fé svo lofað sex prósentu arðgreiðslum á ári. „Það er annað mál, það sem er á Facebook og netinu er fyrir einstaklinga sem vilja vera meðlimir í samvinnufélaginu,“ segir Middeldorp.

Hann hefur sagt að félagið þurfi ekki á fjármagninu að halda, þar sem verkefnið sé fullfjármagnað en hann líti á það sem samfélagslega skyldu sína að leyfa fólki að taka þátt í verkefnum gegn hærri ávöxtun en faist almennt í Evrópu. [ingvar@frettabladid.is](mailto:ingvar@frettabladid.is)



# FRÁBÆR HELGARTILBOÐ!



ALLIR SÓFAR OG  
HÆGINDASTÓLAR

**20%**

AFSLÁTTUR



ÖLL  
SÆNGURVER

**20-30%**

AFSLÁTTUR

## LOKADAGAR SUMARÚTSÖLUNNAR!

**FULLT VERÐ: 6.995**  
**4.995**

PRICE★STAR  
Allt að 36 mánuðum

**28%**  
afsláttur

HREIN EFN  
Svampur  
60°  
Stíf  
Certipur

**PRICE STAR SVAMPDÝNA**  
Með slitsterku áklæði og góðum, stinnum svampkjarna.  
Stærð: 70 x 190 sm. 7 sm. þykk dýna.  
Vnr. 3350115

SleepWell

FÆTUR OG BOTN FYLGJA  
120 X 200 SM.

**FULLT VERÐ: 89.950**  
**59.950**

Sparið  
**30.000**  
krónur

VALTOR KORTALAN  
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR  
Netgíró

**SLEEPWELL DÝNA**  
Miðlungstíf dýna með 250 pokagormum pr. m<sup>2</sup>. Innifalin í verði er 4 sm. þykk áföst yfirdýna. Fæst í tveimur stærðum.  
Vnr. 8880000914



**JUTLANDIA®**

SÓFI + 2 BORD + 2 STÓLAR + SESSUR

VIÐHALDSFRÍTT

**Sparið  
50.000  
krónur**

**VEBBESTRUD 3JA SÆTA SÓFI, 2 ARMSTÓLAR, 2 INNSKOTSBORÐ ÁSAMT SESSUM**  
Endingargott garðsett úr áli og handfléttuðu polyrattan efni. Innskotsborð með borðplötu úr viðarlíki. Stærð á stærra borði: Ø73 og H43 sm. Stærð á minna borði: Ø54 og H37 sm. Sófi stærð: 181 x 70 x 72 sm. Stóll stærð: 75 x 70 x 72 sm.  
Vnr. 3777000

**FULLT VERÐ: 139.950**

**89.950**

**SUMARSÆNGUR**

NÚ VERÐ AÐEINS:  
**1.495**

**SUMARSÆNGUR**  
Léttar og þægilegar sumarsængur í fallegum litum. Tilvaldar í sumarbústaðinn, ferðavagninn eða sem gestasængur. Má þvo við 40°C. Stærð: 135 x 200 sm. Áður allt að 2.995 nú 1.495  
Vnr. 29218013, 46794001

Allt að  
**50%**  
afsláttur

**NÝTT**

**Sparið  
2.000  
krónur**

**FULLT VERÐ: 14.950**  
**12.950**

**NELSON SKRIFBORÐSSTÓLL**  
Flottur skrifborðsstóll með stillanlegri setu. Þverband í baki. Hægt að rugga. Litur: Svartur, grár og rauður.  
Vnr. 8880000977

**RÚMFATA LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 30.07 - 31.07**






Hillary Clinton, forsetaframbjóðandi demókrata, og varaforsetaefni hennar, Tim Kaine. NORDICPHOTOS/AFP

# Hillary Clinton

## formlega orðin forsetaframbjóðandi demókrata



Landsfundur demókrata í Bandaríkjunum fór fram í vikunni. Hillary Clinton var formlega útnefnd til forsetaframbjóðs með varaforsetaefnið Tim Kaine sér við hlið. Stuðningsmenn Bernies Sanders létu í sér heyrja. Flokkurinn var hvattur til að sameinast um Hillary.

### Bauluðu á ræðumenn af krafti

Mikil læti voru í salnum, einkum á fyrsta degi landsfundarins. Áttu þar í hlut stuðningsmenn Bernies Sanders sem voru ósáttir við að þeirra frambjóðandi hefði ekki hlotið útnefninguna.

Baulað var af krafti á nær alla ræðumenn fyrsta dagsins og marga þann næsta, meðal annars á Sanders sjálfan þegar hann lýsti yfir stuðningi við Hillary Clinton.

Óánægjan kom einna skýrast fram þegar fyrrverandi varnarmálaráðherra, Leon Panetta, nýr formaður landsfundar flokksins, Marcia Fudge, og uppistandarinn Sarah Silverman fluttu ræður. Í ræðu Panetta kölluðu stuðningsmenn Sanders ítrekað:

„Lygari! Lygari! Lygari!“ og þegar Silverman sagði stuðningsmenn Sanders haga sér fáránlega var hún bauluð niður af sviðinu.

Ræða Fudge heyrðist varla fyrir hávaða en hún stýrði landsfundinum þar sem Debbie Wasserman Schultz sagði af sér formannsembætti flokksins og fundarstjórnarhlutverki sínu vegna lekinnna tölvupósta hennar sem sýndu stuðning hennar við Clinton.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið baulað á ræðu frambjóðandans sjálfs mátti sjá að krotað hafði verið á nokkra borða sem á hafði staðið Hillary þannig á þeim stóð einfaldlega „Liar“.

Þórgnýr Einar Albertsson  
thorgnyr@frettabladid.is



„Af auðmýkt, ákveðni og takmarkalausri trú á Bandaríkjunum samþykki ég útnefningu ykkar til forsetaframbjóðs,“ sagði Hillary Clinton sem nú er formlega orðin forsetaframbjóðandi flokks demókrata í Bandaríkjunum eftir landsfund flokksins í vikunni.

Clinton mun etja kappi við frambjóðanda repúblikana, Donald Trump, í kosningunum sem fara fram 8. nóvember næstkomandi.

Í ræðu sinni á landsfundinum fór Clinton yfir sína sýn á framtíð Bandaríkjanna, feril sinn og sögu og vankanta sem hún sér á Trump. Þá þakkaði hún einnig Bernie Sanders, andstæðingi sínum úr forkosningunum, fyrir baráttuna. Sagðist hún ætla að berjast með honum til að gera háskóla gjaldfrjálsa.

#### Glerþakið brotið

„Í kvöld höfum við náð mikilvægum áfanga í átt að fullkomnara ríki. Þetta er í fyrsta skipti sem stór flokkur hefur útnefnt konu til forsetaframbjóðs,“ sagði Clinton. Hún sagði að þegar slíkt glerþak væri brotið ryddi það veginn fyrir alla.

„Þegar ekkert þak er til staðar getur maður stefnt hátt,“ sagði Clinton.

#### Vill að arfleifðar sinnar sé gætt

Barack Obama, fráfarandi forseti, sagði í ræðu sinni að Clinton myndi halda áfram á þeirri braut sem Bandaríkin eru að feta. Sagði hann að hún myndi gæta arfleifðar sinnar á meðan repúblikanar ælu á ótta og hatri.

„Aldrei hefur maður eða kona, ekki ég, ekki Bill [Clinton], enginn, verið hæfari en Hillary Clinton til að gegna embætti forseta Bandaríkjanna,“ sagði Obama í ræðu sinni.

Forsetafrúin Michelle Obama hvatti einnig til sameiningar gegn Trump. Gerði hún litid úr slagorði Trumps um að gera Bandaríkin frábær á ný (e. Make America Great Again). „Ekki leyfa neinum að segja þér að þetta land sé ekki frábært. Þetta er besta land jarðarinnar akkúrat núna,“ sagði Obama.

#### Sú besta til að breyta

Bill Clinton, eiginmaður Hillary og forseti Bandaríkjanna meginþorra tíunda áratugarins, hélt sömuleiðis ræðu. „Vorid 1971 kynntist ég stelpu. Í fyrsta skipti sem ég sá hana vorum við í kennslustund um borgaraleg réttindi,“ sagði hann og fór yfir það hvernig hann kynntist eiginkonunni, forsetaframbjóðandanum. Þá sagði hann eiginkonu sína þá bestu til að breyta Bandaríkjunum til hins betra.

Meginumfjöllunarefni Clintons var eiginkona hans. Fór hann yfir ferilskrá hennar og líf. Sagði hann meðal annars að hún hefði þrefaldað fjölda lífa alnæmissjúklinga sem Bandaríkin bjarga, einkum í Afríku, og spurði hvort þessi mynd rímaði við það sem repúblikanar hefðu sagt um hana á sínum landsfundi. Repúblikanar fóru þá mikinn

og sögðu margir hverjir að fangelsa ætti frambjóðandann.

#### Unnið að sameiningu

Vegna þess hve hörð baráttan um útnefninguna á milli Sanders og Clinton var unnu demókratar að því á landsfundinum að sameina flokkinn og tryggja Clinton atkvæði stuðningsmanna Sanders. Í hinni formlegu atkvæðagreiðslu um útnefninguna fékk Clinton atkvæði 2.814 landsfundarfulltrúa en Sanders fékk 1.893 atkvæði.

Þá varð leki tölvupósta miðstjórnar flokksins, þar sem sjá mátti að miðstjórnin vann með Clinton í forkosningunum, til þess að stuðningsmenn Sanders reiddust margir hverjir.

Sjálfur flutti Sanders ræðu á landsþinginu og þurfti hann að mæta bauli eigin stuðningsmanna er hann lýsti yfir ótvíráðum stuðningi við Clinton. „Ekki seinna en strax þurfum við að sigra Donald Trump. Til þess þurfum við að kjósa Hillary Clinton og Tim Kaine,“ sagði Sanders, rétti upp höndina til að þagga í salnum og bætti við: „Bræður og systur ... bræður og systur, þetta er sá raunveruleiki sem við búum við.“

Clinton  
45%

Trump  
46%

samkvæmt  
meðaltali  
skoðanakann-  
ana RealClear  
Politics.

#### Sameinast gegn Trump

Allir ræðumenn landsfundarins gátu hins vegar bersýnilega sameinast um það markmið að halda Donald Trump frá Hvíta húsinu, bústað forsetans. Sjálf sagði Hillary Clinton að Trump væri ógn við öryggi heimsbyggðarinnar allrar.

„Maður sem hægt er að reita til reiði með tísti er ekki maður sem hægt er að treysta fyrir forsetaembættinu,“ sagði hún. Undir þetta tóku Michelle Obama, Bill Clinton, Barack Obama, Joe Biden, varnarmálaráðherra fyrrverandi Leon Panetta og fjölmargir fleiri.

Varaforsetaefni flokksins, Tim Kaine, gerði Trump einnig að umræðuefni sínu. „Fæstir forsetaframbjóðendur láta það duga að biðja fólk um að trúa því að það bjargi öllu. Þeir virða kjósendur nógu mikið til að segja þeim hvernig þeir ætla að framfylgja stefnumálum sínum,“ sagði Kaine.

#### Jákvæð viðbrögð við ræðunni

Rýnihópur CNN var jákvæður í garð Clinton eftir ræðu hennar. Sagði 71 prósent ræðuna mjög jákvæða, fimmtán prósent nokkuð jákvæða og tólf prósent sögðust neikvæð. Til samanburðar voru viðbrögð 57 prósent rýnihóps CNN mjög jákvæð eftir ræðu Trumps í síðustu viku, átján prósent nokkuð jákvæð og 24 prósent neikvæð.

Engin ný könnun hafði birst á landsvísi þegar Fréttablaðið fór í prentun en búast má við því að fylgi Clinton aukist í kjölfar landsfundarins líkt og er hefð fyrir. Meðaltal fylgisaukningar eftir landsfundi frá árinu 1980 er um 3 prósent og jókst fylgi Trumps álika mikið eftir landsfund repúblikana.


Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem RealClear Politics tekur saman mælist Trump með 45,6 prósent fylgi en Clinton 44,7 prósent.

### Formaðurinn sagði af sér

Debbie Wasserman Schultz, fyrrverandi formaður miðstjórnar demókrata, fékk ekki að halda ræðu á landsfundinum eins og gert hafði verið ráð fyrir. Ástæðan var sú að hún sagði af sér embættinu eftir að Wikileaks-samtökin láku fjölda tölvupósta miðstjórnarinnar. Í tölvupóstunum mátti sjá að Schultz og miðstjórnin unnu með Clinton, gegn Sanders, í forkosningunum.

Meðal annars velti miðstjórnin því fyrir sér hvort hægt væri að tryggja trú Sanders og leiða í ljós að

hann væri ekki gyðingur í raun heldur trúlaus. Þá skrifaði Schultz að Jeff Weaver, kosningastjóri Sanders, væri „bölvaður lygari“.



Schultz var einn kosningastjóri Clinton í forkosningunum 2008.

Mikil pressa var sett á Schultz að segja af sér, meðal annars af hálfu Sanders, og varð hún við þeirri beiðni. Við tekur Donna Brazile.

Demókratar hafa margir hverjir haldið því fram að Rússar standi að baki lekanum. Heimildarmaður NBC innan leyniþjónustunnar segir það líklegt en ekki sannað.





Landsvirkjun

## Það er kraftur í þér

Gagnvirk orkusýning Landsvirkjunar í Ljósafossstöð útskýrir orkuna sem býr í öllum hlutum á skemmtilegan og fræðandi hátt.

Sýningin er opin alla daga kl. 10–17.

**Verið velkomin.**

Ljósafossstöð er í um 45 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík.  
Nánari upplýsingar má finna á [www.landsvirkjun.is/heimsoknir](http://www.landsvirkjun.is/heimsoknir).



# Hillary með háð að vopni



Kristín Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**H**illary Clinton er fyrsta konan í sögu Bandaríkjanna, sem er útnefnd forsetaframbjóðandi annars stóru flokkanna. Hún hefur oft sagt söguna af móður sinni, Dorothy Rodham, sem brýndi fyrir henni í æsku að láta ekki hrekkjusvín slá sig út af laginu. Við erum ekki hugleysingar á þessu heimili, sagði móðirin. Þessi skilaboð voru eins og rauður þráður í uppeldinu.

Brýningarorð móðurinnar svifu yfir vötnunum í ávarpi Hillary til flokksþings demókrata í Filadelfíu í vikunni. Hún lét „hrekkjusvínin“, Donald Trump og hans stuðningslið, sem ekki hafa farið um hana mjúkum höndum, svo sannarlega heyra það. Af þeirra hálfu hefur hún sætt linnulausum ásökunum um spillingu og alvarleg lögbot.

Hillary var greinilega í essinu sínu þegar hún beindi orðum að Trump, sem viku fyrir var útnefndur af hálfu repúblikana. Full sjálfstrausts hæddi hún hann og spottaði. Ef dæma má af viðbrögðum Trumps og stuðningsveitar hans, sem ekki létu á sér standa, hitti hún beint í mark. Þeir brugðust strax ókvæða við á samskiptamiðunum. En Hillary var málefnaleg og studdist við almannar staðreyndir, sem henni tókst fimlega að setja í skoplegt ljós. Slíku er erfitt að verjast.

Barna sýndi Hillary á sér nýja hlið. Í prófkjörsslag sínum við Bernie Sanders undanfarið og Barack Obama fyrir átta árum var hún hikandi í gagnrýni á andstæðinginn. Hún steig varlega til jarðar og átti erfitt með að halda á lofti veilum í málflutningi andstæðinganna. Hún forðaðist líka að gera lítið úr þeim persónulega. Því réð ekki bara tillitssemi hennar við flokksbræður – hún óttaðist líka að festa í sessi þá mynd sem dregin er upp af henni, með réttu eða röngu, að hún sé meinfýsin og kaldrifjuð.

Um Trump gilda allt aðrar reglur. Hann hefur sjálfur gefið tóninn með ruddaskap og furðulegum yfirlýsingum um menn og málefni þar sem hvað rekt á annars horn, ekki bara um andstæðinga í pólitík, heldur líka sleggju-dómum um einstaklinga og hópa, smáa og stóra, nær og fjær. Barátta hans er leðjuslagur, sem virðist ætla að halda áfram allt til loka.

Veilurnar í málflutningnum blasa við. Hún hefur einstaka sinnum í prófkjörsslagnum við Bernie Sanders beint spjótum sínum að Trump. Á flokksþinginu í San Diego í Kaliforníu tætti hún stefnu hans í sig með stólþagrini. Það fékk góðan hljómgrunn.

Fróðlegt verður að fylgjast með baráttunni næstu hundrað dagana. Trump hefur sýnt að hann er slyngur áróðursmaður, sem erfitt er að slá út af laginu. Óvarlegt tal og yfirlýsingagleði hafa ekki verið honum hindrun í eigin flokki. Spurningin er hvort Hillary er búin að finna leiðina með beittu málefnalegu háði. Það virkaði í útnefningarræðunni.

Eitt er víst að sjaldan hafa frambjóðendur til valdamesta embættis í heimi legið betur við höggi.



Hún óttaðist líka að festa í sessi þá mynd sem dregin er upp af henni, með réttu eða röngu, að hún sé meinfýsin og kaldrifjuð.

Endalaust sumar

## ENDALAUS GSM

# 2.990 KR.

ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG 30 GB GAGNAMAGN\*

EKKI HAFNA ÁHYGGJUR AF SÍMNOTKUNINNI Í SUMARI!

Settu þig í samband og fáðu Endalaus GSM

1817 365.is

\*Gætt er aðskilnaðs fyrir farismarkaðum erlendis, til dælanda og lúppingarnúmer. Númer uppbyggjar er að síma GSM sáttmálum 365.is. \*30 GB gagnamagn er ótakmarkað í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætt við ef farið er umfram 30 GB.

## Gunnar



## Mín skoðun Þorbjörg Gunnlaugs

### Réttarhöldin Clinton gegn Trump



**L**andsþing Demókrataflokksins hefur reynst fráþætt tæki til að kynna Hillary Clinton, sem nú hefur hlotið útnefningu sem forsetaefni flokksins. Auðvitað þarf ekkert að kynna Hillary, hana þekkja allir. Markmiðið er fyrst og fremst að kynna hugmyndina um Hillary sem forseta Bandaríkjanna og segja frá því hvernig manneskja hún er. Þrátt fyrir að fáir efast um reynslu, hæfni og greind hennar hefur veikleiki Hillary vera sá að fólk þekkir ekki hvernig manneskja hún er. Hún þykir ekki heldur jafn sjarmerandi og eiginmaður hennar, sem virðist reyndar að vísu klökkur að eðlisfari. Allt landsþingið hefur þess vegna miðað að því, beint og óbeint, að draga fram kosti Hillary, hugmyndir og hugmyndafræði. Ræða Bills Clinton þjónaði augljóslega þessum tilgangi. Inngangsorð ræðu hans augvitað mjög falleg, þar sem hann sagði söguna af því þegar hann hitti stelpu vorið 1971. Hann var hlýr og aldrei áður hefur verið sögð saga af forsetaframbjóðanda Bandaríkjanna sem missti legvatnið.

#### Vorið 1971

Besta sjónvarpsefnið af landsþinginu eru einmitt ræðurnar sem þar hafa verið fluttar. Það er magnað hversu vel skrifaðar ræðurnar eru. Þó skiptir ekki síður máli um góða ræðu að hún sé vel flutt og þær hafa allar verið fluttar þannig að á þær er hlustað. Þær þjóna allar sama hlutverki, sem er að sannfæra bandarískan almenning um að Hillary Clinton muni reynast þjóðinni vel sem forseti. Að þessu leyti minnir landsþingið töluvert á sterkan málflutning lögmannna fyrir dómi. Þetta er dómsmálið Clinton gegn Trump. Kjósundur dæma að lokum. Málflutningsmenn stíga á svið hver á fætur öðrum og flytja málið um Clinton. Ræðumenn hafa allir fjallað um grunnildi og framtíðarsýn, hugmyndir og hugmyndafræði. Það gerði Hillary sjálf í frábærri ræðu á fimmtudagskvöld. Málflutningurinn á þinginu hefur verið heillandi, enda hefur ekki aðeins þýðingu að hafa staðreyndirnar með sér. Það þarf að hrífa fólk með. Þegar það er gert kviknar áhugi fólks á stjórnmálum.

#### Dómur fellur

Landsþingið hefur ekki bara reynst sterk kynning á forsetaframbjóðandanum. Margar af ræðunum hafa verið svo áhrifamiklar að þær gætu unnið málið einar og sér. Þingið hófst á ræðu Michelle Obama sem var svo snjöll að sú hugmynd kviknaði hvort hún geti ekki verið svar demókrata að 8 árum liðnum. Hún lýsti sögulegu mikilvægi þess að fjölskylda hennar vaknar á degi hverjum í húsi sem þrælur byggðu og sögulegu mikilvægi þess að sjá dætur sínar tvær leika sér á lóð Hvíta hússins. Hún var ekki heldur feiminn við að draga fram sögulegt mikilvægi þess að stíga nú næsta stóra skref og kjósa fyrstu konuna sem forseta Bandaríkjanna. Ræða Barack Obama var sennilega sú besta á þinginu. Ræður hans eru ljóðrænar, í þeim er stígandi og flutningurinn minnir meira að segja stundum dálítið á dr. King.

Fyrir alla aðra en Bandaríkjamenn er dómurinn í þessu máli augljós áður en málið er flutt. En kosningar eru að þessu leyti líka eins og dómur. Þar má aldrei gefa sér niðurstöðuna. Málflutningsmenn þurfa að skilja hvaða röksemdir hafa mesta þýðingu. Munurinn á stefjunum um það hvernig flokkarnir tveir lýsa Bandaríkjunum hefur sjaldan verið jafn áberandi. Demókratar lýsa þjátri framtíðarsýn, Repúblikanar tala um ógn af óvinum. Það er reyndar grátbroslegt í ljósi þess að það er einmitt alvarleg ógn við Bandaríkin ef svo fer að Trump verður forseti.

#### Veturinn 2016

Þrátt fyrir að við séum með óþol gagnvart því þegar Bandaríkjamenn mæra sig sem bestu þjóð heims þá stendur eftir að málflutningur landsþings demókrata um framtíðarsýn og gildi gerir að verkum að fólk um allan heim leggur við hlustir. Vonandi mun niðurstaða kosninganna velta á samanburði hugmynda og hugmyndafræði um hvernig samfélag Bandaríkjamenn vilja en ekki á útúrslunum og orðaleikjum á Twitter. Ef dómurinn byggir á hugmyndafræði, þá fáum við fljótlega að heyra fallegu söguna af því þegar bandaríska þjóðin kynntist konu veturinn 2016.





# VILDARBÖRN ICELANDAIR

## FERÐASTYRKIR VILDARBARNA ICELANDAIR: UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. SEPTEMBER

### Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára

Úthlutað verður úr sjóðnum fyrsta vetrardag, 22. október 2016.  
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.

### Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair

Farðu á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is) og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum sem eru langveik eða búa við sérstakar aðstæður, að komast í draumaferðina sína.

+ Umsóknareyðublöð eru á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is)



Vildarborn Icelandair

 Vertu með okkur

ICELANDAIR 





## Martin Lund Pedersen

Þáttur í mörkum eftir leikjum

1.5.2016	Valur ■	2-1 sigur	●
7.5.2016	ÍBV ◆	2-0 sigur	●●
12.5.2016	ÍA ■	1-0 tap	●
16.5.2016	FH ■	2-0 tap	●
22.5.2016	Víkingur Ó. ◆	5-1 sigur	●●
30.5.2016	Fylkir ■	2-2 jafntefli	●●
5.6.2016	Víkingur R. ◆	2-1 sigur	●●
15.6.2016	KR ◆	3-1 sigur	●●
24.6.2016	Þróttur ■	5-0 sigur	●●●
11.7.2016	Stjarnan ■	2-1 tap	●
17.7.2016	Breiðablik ◆	3-0 tap	●
24.7.2016	Valur ◆	2-2 jafntefli	●

● MARK ● STÓÐSENDING ● FISKAD VÍTI ● ÚTI ◆ HEIMA

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Stoltur af þessu

Sóknarmaðurinn Martin Lund Pedersen, leikmaður Fjölnis, er stoðsendingahæstur í Pepsi-deild karla.

Tómas Þór Þórðarson  
tom@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Martin Lund Pedersen, sóknarmaður Fjölnis í Pepsi-deild karla í fótbolta, er stoðsendingahæstur í deildinni þegar tólf umferðum er lokið. Þessi öflugur Dani er búinn að leggja upp fimm mörk fyrir félagi sína auk þess að skora sjö sjálfur og fiska eitt víti og hefur því komið með beinum hætti að þrettán af 24 mörkum Fjölnisliðsins sem er, þvert á allar spár, í toppþáttinum.

„Þetta kemur mér aðeins á óvart en ég er stoltur af þessu því þetta er eitthvað sem ég er búinn að vera að vinna í. Það hefur verið markmið hjá mér að leggja upp fleiri mörk og því er mjög gaman að heyra þetta,“ segir Martin Lund í samtali við Fréttablaðið.

### Frjálst hlutverk

Martin segist hafa verið hreinræktadur framherji upp yngri flokkana í Danmörku en þegar hann kom upp í meistaraflokk var hann færður á vinstri kantinn. Honum líkar það mjög vel, sérstaklega í kerfi Fjölnis, þar sem hann fær að leika lausum hala í sóknarsinnaðasta liði deildarinnar.

„Ég má bæði koma inn á völlinn og halda breidd. Svo framarlega sem ég senni mínu varnarhlutverki má ég gera eiginlega það sem ég vil,“ segir Daninn sem er upp með sér að vera sá stoðsendingahæsti þegar þetta mikið er búið af sumrinu.

„Það er alltaf gaman að skora en stoðsendingar eru alveg jafn mikilvægar,“ segir hann.

Martin Lund er með einni stoðsendingu meira en fjórir aðrir leikmenn. Þeir Gary Martin, Víkingi, Pablo Punyed, ÍBV, Kristinn Freyr Sigurðsson, Val, og Halldór Orri

Sigurðsson eru allir búnir að gefa fjórar stoðsendingar, en þessa tölfræði heldur Fréttablaðið utan um. Sjö leikmenn eru svo búnir að gera þrjár stoðsendingar. Þar má finna tvo samherja Martins Lund, en þeir Gunnar Már Guðmundsson og Birnir Snær Ingason hafa báðir lagt upp þrjú mörk líkt og KR-ingarnir Óskar Örn Hauksson og Morten Beck og Blikarnir Arnþór Ari Atlason og Árni Vilhjálmsson. Ævar Ingi Jóhannesson úr Stjörnunni er einnig með þrjár stoðsendingar eftir tólf umferðir í Pepsi-deildinni.

### Kíkir til Eyja og stefnir hærra

Martin Lund er 25 ára gamall en hann kom til Fjölnis frá Horsens í Danmörku. Hann þurfti að fá að spila meira og vonaðist til að dvöl hans á Íslandi gæti komið honum lengra í boltanum. Frammistaðan í sumar ætti að vekja athygli.

„Ég hef ekki heyrt um neinn áhuga, hvorki hér innanlands né að utan, en draumurinn er að komast hærra og spila í betri deild. Ein ástæða þess að ég kom til Íslands var að fá ný augu til að horfa á mig og vonandi opnar frammistaða mín í sumar einhverjar dyr,“ segir Martin Lund og bætir við:


„Sjð mörk og fimm stoðsendingar nú þegar ætti að opna augu einhverra. Ég hef staðið mig ágætlega hingað til en það er mikið verk eftir önnið.“

Fjölnir mætir næst ÍBV í Pepsi-deildinni og ætlar Martin að kynna sér aðstæður þar á Þjóðhátíð.

„Við fáum einn fridag þannig að okkur langar að kikja til Eyja og upplifa þessa hátíð. Myndböndin sem ég hef séð eru rosaleg. Ég kom líka til Íslands til að upplifa eitthvað nýtt og af hverju ekki að fara á Þjóðhátíð? Svo eigum við ÍBV í næsta leik þannig að þetta er finn undirbúningur.“

## STELPUARNAR KOMNAR Í UNÐANÚRSLIT Á EVRÓPUMÓTINU


Stelpurnar í íslenska körfuboltalandsliðinu skipuðu leikmönnum 18 ára og yngri eru komnar í undanúrslit í B-deild Evrópumótsins eftir 17 stiga sigur, 85-68, á Hvíta-Rússlandi í gær. Íslenska liðið byrjaði illa en vann sig vel inn í leikinn og kláraði hann með afgerandi hætti í 4. leikhliða. Emelía Ósk Gunnarsdóttir var stigahæst í íslenska liðinu með 20 stig. Sylvía Rún Hálfðanardóttir kom næst með 15 stig, auk þess sem hún tók níu fráköst og stal boltanum sex sinnum. Thelma Dís Ágústsdóttir skoraði 14 stig, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 11 stig og Björk Gunnarsdóttir níu stig. Sú síðastnefnda gaf einnig fimm stoðsendingar en íslenska liðið vann þær mínútur sem hún var inni á völlum með 20 stigum. Ísland mætir Grikklandi í undanúrslitunum á morgun en vinni íslensku stelpurnar leikinn tryggja þær sér sæti í úrslitaleiknum og um leið sæti í A-deild Evrópumótsins.



Til hamingju Ísland, íslenska íþróttasumarið heldur áfram! U18 kvk í körfu komið í undanúrslit, einn sigur í viðbót til að komast í A-deild!

Hrafn Kristjánsson  
@ravenk72

SIGUR Á SILFURLIÐINU FRÁ HM Íslenska U-20 ára liðið í handbolta fylgdi eftir sigrinum á Rússum í fyrradag með frábærum fjögurra marka sigri, 23-19, á Slóveníu á EM í gær. Íslensku strákarnir hefndu þar með fyrir tapið á HM U-19 ára í fyrra. Sterkur varnarleikur og góð markvarsla Grétars Ara Guðjónssonar lögðu grunninn að sigrinum á Slóvenum sem enduðu í 2. sæti á HM í fyrra. Óðinn Þór Ríkarðsson var markahæstur í íslenska liðinu í gær með fimm mörk en þeir Hákon Daði Styrmisson, Arnar Freyr Arnarsson og Elvar Örn Jónsson komu næstir með þrjú mörk hver. Ísland er komið áfram í milliriðla og mætir Spáni í hreinum úrslitaleik um sigurinn í B-riðli klukkan 18.00 á morgun.



## Um helgina

Laugardagur	Tími	Lið	Stað
11.50	Formúla 1 - Timataka	Sport	
17.00	Barcelona - Celtic	Sport	
18.00	PGA-meistaram.	Golfstöðin	
19.00	Chelsea - Real Madrid	Sport	
21.00	Bayern - Inter	Sport	
21.00	Messan	Sport 2	
02.00	UFC 201	Sport 2	
02.00	Liverpool - AC Milan	Sport	
04.00	PSG - Leicester	Sport	

Sunnudagur	Tími	Lið	Stað
11.30	F1: Þýskaland	Sport	
18.00	PGA-meistaram.	Golfstöðin	

Mánudagur	Tími	Lið	Stað
19.15	Selfoss - Keflavík	JÁVERKV.	



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS



LANDSLIÐ KARLA  
Í KÖRFUBOLTA

UNDANKEPPNI EUROBASKET 2017



HEIMALEIKIR Í SMÁRANUM, KÓPAVOGI



SVISS  
31. AGÚ.



KÝPUR  
14. SEP.



BELGÍA  
17. SEP.

Ísland tekur á móti Sviss í sínum fyrsta leik í undankeppninni fyrir EM eða EuroBasket 2017 í körfuknattleik. Leikurinn fer fram í Smáranum í Kópavogi 31. ágúst og hefst kl. 20:00.

Miðaverð er 2.000 kr. fyrir 13 ára og eldri og frítt er fyrir 12 ára og yngri.

Miðasala á alla þrjá heimaleiki Íslands er hafin á [tix.is](http://tix.is)





**B** **NUS** **B** **NUS** **B** **NUS** **B** **NUS** **B** **NUS**

**VIÐSKIPTAVINIR  
ATHUGIÐ!**


**Allar verslanir**

**B** **NUS**

**eru opnar um helgina  
en lokaðar nk. mánudag**

**á frídegi  
verslunarmanna**

**GÓÐA HELGI  
KOMUM HEIL HEIM**



**B** **NUS** **EKKERT BRUÐL**



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00





Nóg var um að vera þegar ljósmyndara bar að garði. Innipúkatorgið var allt að smella saman í gær og nóg verður um dýrðir þar í dag og kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Falleg hátíð fyrir fallegt fólk

Tónlistar- og götuhátíðin Innipúkinn fer fram um helgina. Fjölbreytt dagskrá verður á svæðinu í dag og á morgun.

„Þetta er að mínu mati eina tónlistarhátíðin um helgina. Hér erum við ekkert að djóka og hingað er fólk komið til þess að hafa það náðugt, vera saman, ræða við gamla vini og hitta nýja. Uppgötva nýja tónlist og hlusta á það sem það hefur verið að hlusta á mörg ár og filar í botn. Vera saman, njóta þess og bera virðingu hvert fyrir öðru því það er engin þolinmæði hjá skipuleggjendum Innipúkans eða gestum hátíðarinnar fyrir ofbeldi af einhverri sort. Þetta er falleg hátíð,

á hana kemur bara fallegt fólk að innan sem og utan og ég vonast til þess að helgin verði eftir því falleg,“ segir Ásgeir Guðmundsson, einn af skipuleggjendum tónlistar- og götuhátíðarinnar Innipúkans sem fer fram venju samkvæmt í miðbæ Reykjavíkur um helgina.

Fjölbreytt dagskrá er í boði á hátíðinni og auk ýmiss konar tónlistaratriða er skemmtileg dagskrá á Innipúkatorginu sem er fyrir utan skemmtistaðina Húrra og Gaukinn. „Á torginu verða plötu-



**Á TORGINU VERÐA PLÖTUSNÚÐAR, Í DAG ER FATAMARKAÐUR OG Á MORGUN MYNDLISTARMARKAÐUR OG ÉG VEIT EKKI HVAD.**

snúðar, í dag er fatamarkaður og á morgun myndlistarmarkaður, svo verður pub-quiz og ég veit ekki hvað og hvað,“ segir Ásgeir eldhress og mælir sterklega með því að þeir sem ætla að halda sig í bænum kiki á hátíðina en torgið hefur verið tyrft og hægt verður að kaupa ýmsar veitingar og veigar þar um helgina og ættu öll skilningarvitin því að vera vel nærð á Innipúkanum. Dagskráin á torginu hefst klukkan 14.00 í dag og tónleikadagskrá kvöldsins hefst klukkan 20.00. Meðal þeirra tónlist-

aratriða sem fram koma í kvöld eru Helgi Björnsson & Boogie Trouble, Kött Grá Pje, Hildur og Friðrik Dór. Annað kvöld koma meðal annars fram Aron Can, Emmsjé Gauti, Grísalappalísa og Karó.

Miða á hátíðina má nálgast á staðnum þótt aðstandendur hennar mæli með því að fjárfesta í miða á vefsíðunni Tix.is. Dagspassar kosta 3.990 og miði á alla daga hátíðarinnar kostar 7.990 krónur. Dagskráin fer fram á skemmtistöðunum Húrra og Gauknum. [gydalooa@frettabladid.is](mailto:gydalooa@frettabladid.is)

## Hvað á að gera um helgina?

### FARÐU

upp í bíl og eltu góða veðrið um helgina!




Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
bakarasení

### Í TJALD FYRIR BÖRNIN

Hugsanlega brýt ég odd af oflæti mínu og gisti í TJALDI á Akranesi eina nótt – fyrir börnin. Það gæti samt klikkað. Þá tjalda ég bara úti í garði.

### HORFÐU

á veginn! Ekki horfa á símann – það getur beðið. Og svo má ekki gleyma að spenna beltið!



Sigríður Thorlacius söngkona

### STOLT SIGLIR FLEYIÐ

Ég verð með friðum og flinkum flokki músikanta um borð í skipi sem siglir meðfram vesturströnd Íslands með stoppum hér og þar. Við verðum um borð fram á þriðjudag í einhverju ákaflega furðulegu en góðu glensi, geri ég ráð fyrir.

### HLUSTAÐU

á lagið sem er fullkomið þegar lagt er í langferð: On the Road Again, með meistara Willie Nelson!



Edda Sif Pálsdóttir,  
fjölmiðlamaður

### Í FÓSTURSTELLINGU

Ég þykist ekki ætla á þjóðhátíð þetta árið heldur leggja í djúpan og mikinn andlegan undirbúning fyrir Ólympíuleikana sem hefjast í næstu viku. Sem sagt; fósturstelling úti í horni þangað til þið sjáið undir iljarnar á mér.

### LESTU

á kort eða GPS-tæki! Nema ef ætlunin er að tynast í náttúrunni – þá er það allt í lagi, svo lengi sem farið er að öllu með gát!





# Viðarvörn fyrir íslenskar aðstæður



**kjörvari**

## Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss.  
Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd  
einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

**Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður**

**málning**  
- það segir sig sjálft -

Útsöluastaðir Málningar: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • Litaver, Grensásvegi • BAUHAUS • Vélsmiðja Árna Jónssonar, Hellissandi • Málningarbúðin, Ísafirði  
Vilhelm Guðbjartsson málarameisteri, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO, Reyðarfirði  
ORMSSON VÍK, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO, Keflavík • N1 verslun, Grindavík





Sem betur fer var Fred einn í bílnum þegar slysið átti sér stað.



Eftir margar veltur endaði bíllinn úti í skurði.



Bíllinn illa útleikinn.



Fred var illa haldinn eftir slysið og hefur enn ekki náð sér að fullu.



Fred þakkar þeim sem komu að björgunaraðgerðum að hann sé á líffi.

# Vona að ekki þurfi katastrofu til

Bandarískur maður, **Fred Pinto**, biðlar til íslenskra stjórnvalda að merkja betur leiðir og vegi þar sem ferðamenn fara um. Hann lenti í bílveltu á leið sinni að Reynisfjöru. Vegslóðanum þar sem slysið varð hefur nú verið lokað.

Ólöf  
Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is



**H**ver sem er getur gert sér það í hugarlund hvernig tilfinning það er að svara símtali, úr mörg þúsund kílómetra fjarlægð, þar sem þér er tilkynnt að eiginmaður þinn sé þungt haldinn á gjörgæslu eftir bílslys. Ég varð alveg afskaplega hrædd," segir Raquel Pinto, eiginkona Freds Pinto, sem lenti í alvarlegri bílveltu á ferðalagi um landið á dögunum.

Fred var á ferðalagi um Suðurland með bróður sínum, mágkonu og barni þeirra. Þau voru gríðarlega spennit fyrir ferðalaginu, enda höfðu þau heyrð góða hluti um land og þjóð. Fred og ferðafélagarnir keyrðu um á nýlegum, fjórhjóladrifnum Mitsubishi Pajero jeppa sem þau

höfðu tekið á leigu. Þau vildu sjá Reynisfjöru, settu stefnuna þangað og keyrðu af stað með aðstoð GPS-tækisins.

„Við eltum bara GPS-leiðbeiningar, eins og okkur hafði verið sagt að gera,“ útskýrir Fred um aðdraganda slyssins. Sjálfur er hann nokkuð vanur ökumaður, hefur ferðast talsvert innan Bandaríkjana og keyrt þar eftir malarvegum, utan vegar og yfir ár og læki.

## Komust hvorki lönd né strönd

„Við vorum komin hálf leið upp malarveg sem lá upp á við, en festumst í hjólförum. Við fórum út úr bílnum og reyndum að losa bílinn, m.a. með að setja mól undir dekkinn, en ekkert gekk. Því næst reyndum við að bakka bílnum til þess að dekkinn næðu gripi. Það gekk, nema ég gat ekki stöðvað bílinn frá því að fara niður hinum megin við veginn. Um leið og eitt hjól var komið af veginum, fór bíllinn að velta. Ég hentist

út úr bílnum, sennilega í annarri eða þriðju veltu – bíllinn hélt áfram og fór margar veltur í viðbót.“

Bíllinn endaði á hvolvi, um 100 metra frá veginum, ofan í skurði. Fred braut rifbein og brákaði og braut þrjá þvertinda. Þá fékk hann lungnabólgu ofan í allt saman. Hann þakkar öllum þeim sem komu að björgunaraðgerðunum líf sitt. Hann fór með þyrllu á spítala, sem hann segir hafi gengið hratt fyrir sig.

Fred liður miklu betur, að eigin sögn, en finnur enn fyrir sársauka. „Ég er enn þá með smá verk fyrir brjóstinu. Ég hugsa að ég haldi mig frá utanvegaakstri á næstunni.“

## Betri merkingar, takk!

Raquel og Fred biðla til íslenskra stjórnvalda að merkja leiðir og vegi, þar sem ferðamenn fara um. „Þegar ég kom til Íslands til þess að sækja eiginmanninn og koma honum heim, fór að renna upp fyrir mér hversu stórt vandamál þessi fjölgun



## ÉG HENTIST ÚT ÚR

### BÍLNUM, SENNILEGA

### Í ANNARRI EÐA

### ÞRIÐJU VELTU.

## Veginum lokað

Vegslóðin við Reynisfjall, þar sem slysið varð, er ekki hluti af vegakerfi landsins, en er hluti af gatnakerfi þéttbýlisins í Vík.

„Vegurinn var merktur sem illfær nema fyrir 4x4 bíla, eftir slysið var veginum lokað fyrir allri almennri umferð,“ segir Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

ferðamanna er á Íslandi. Það er ekki nægilega hlúð að ferðamönnum sem eru að ferðast um landið. Það vantar aðvaranir og skilti – leiðbeiningar um hvernig eigi að fara um. Það vantar allt regluverk til þess að standa undir þessum risaiðnaði,“ útskýrir Raquel.

Fred segir malarveginn sem hann ók eftir þegar slysið varð hafa verið lausan í sér en GPS-tækið hafi leiðbeint honum eftir veginum. „Og þegar ég sá annan bíl keyra sömu leið varð ég viss um að þetta væri rétta leiðin. Fyrir utan að það vantaði öll skilti, þá var vegurinn ekki girtur af og þar af leiðandi algjör slysigildra. Það var ekkert sem gaf til kynna að maður væri kominn út af veginum, engar merkingar, engir hjallar – ekkert nema þverhnípið.“

„Ég vona að það þurfi ekki katastrofu til að yfirvöld geri eitthvað í málunum. Vari fólk við hættunum sem leynast úti í íslenskri náttúru,“ segir Raquel. ➔





**HÚSASMIÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA



Húsasmiðjan fagnar  
60 ára afmæli

Blöndum alla liti

# MÁLNINGAR DAGAR

**20% afsláttur** af ALLRI málningu- og viðarvörn

**20%  
afsláttur**



**2.396 kr**

~~2.995 kr~~

**Jotun Vegg&loft 3 ltr.**  
Frábær ný innimálning  
fyrir veggj og loft. Gljásti 5.  
Blöndum alla liti.  
7049123-83

**Mest selda  
pallaolían  
í Húsa-  
smiðjunni**



**Pallaolía Jotun  
Treolje 3 ltr.**  
Pallaolía á gagnvarið efni.  
Fáanleg glær, gullbrún, græn og  
einnig hægt að blanda fleiri liti.  
7049123-27

**1.908 kr**

~~2.385 kr~~

**20%  
afsláttur**

**20%  
afsláttur**



**Jotun Akryl Mur  
3 ltr. útimálning á  
stein og múr**  
Silkimótt alkalíþolin 100%  
akrylmálning. Gljástig 7.  
Hágæða útimálning sem  
þekur einstaklega vel.  
7049503-12

**7.199 kr**

~~8.999 kr~~

## Afgreiðslutími um Verzlunarmannahelgina

### Skútvogur:

**Laugardagur** (30. júlí) kl. 10:00 - 18:00  
**Sunnudagur** (31. júlí) kl. 11:00-18:00  
**Mánudagur** (1. ágúst) lokað

### Hafnarfjörður:

**Laugardagur** (30. júlí) kl.10:00 - 17:00  
**Sunnudagur** (31. júlí) lokað  
**Mánudagur** (1. ágúst) lokað

### Grafarholt:

**Laugardagur** (30. júlí) kl.10:00 - 18:00  
**Sunnudagur** (31. júlí) lokað  
**Mánudagur** (1. ágúst) lokað

### Akureyri:

**Laugardagur** (30. júlí) kl.10:00 - 16:00  
**Sunnudagur** (31. júlí) lokað  
**Mánudagur** (1. ágúst) lokað

### Selfoss:

**Laugardagur** (30. júlí) kl.10:00 - 16:00  
**Sunnudagur** (31. júlí) lokað  
**Mánudagur** (1. ágúst) lokað

Sjá aðra afgreiðslutíma á [www.husa.is](http://www.husa.is)

MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN • ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

# LAGERHREINSUN

á sumarvörum allt að **70% afsláttur** og ferðavörum **40-50% afsláttur**



Byggjum á betra verði

[www.husa.is](http://www.husa.is)

Þitt með þínu vörum, þínu vörum og myndavélu, úrval getur verið mismunandi milli verslana.



# Aukning á alvarlegum slysum

Ólöf Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is

Rannsóknarstjóri umferðarsviðs Rannsóknarnefndar samgönguslysa segir fjölgun á slysum koma á óvart. 6,8% af heildarfólksbílaflota 2015 voru bílaleigubílar og áætlað er að fjöldinn verði enn meiri í ár.

Undanfarið ár hefur banaslysum í umferðinni farið fækkandi en þeim fjölgaði þó í fyrra og voru þá 16 talsins. „Það hefur orðið mikil aukning á alvarlegum slysum og banaslysum þar sem erlendir ferðamenn eiga í hlut,“ segir Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri umferðarsviðs hjá

Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Undanfarið hafa orðið óvenju mörg banaslysi í umferðinni. „Þetta er mjög mikið á stuttum tíma. Í fyrra voru 16 banaslysi í umferðinni en árið þar áður voru þau fjögur. Og þá höfðu verið ár þar sem voru ekki svona mörg, bæði alvarleg umferðarslysi og banaslysi, þannig að þessi aukning er að koma okkur svolítið á óvart,

það verður að segjast eins og er og veldur okkur vonbrigðum,“ segir Ágúst. „Við höfum engar tölur fyrir 2016, en ég hef þó heyrt á lögreglumönnum að það er töluvert um slysi erlendra ferðamanna, útafakstur og annað. En við sjáum þetta betur þegar árið er gert upp. Það sem við vitum er að það eru engu færri ferðamenn á ferðinni í ár en í fyrra.“

Um áhrif erlendra ferðamanna segir Ágúst að í fyrra hafi verið fimm banaslysi sem erlendir ferðamenn áttu aðild að.

Hefur þessi mikla fjölgun erlendra ferðamanna haft áhrif á umferðaröryggi? „Við náttúrulega sjáum það í tölunum. Það er aukning í alvarlegum umferðarslysum sem má rekja beinlínis til erlendra ferðamanna.“

Það er aukning í alvarlegum

umferðarslysum sem má


rekja beinlínis

til erlendra

ferðamanna.



## Þjóðerni slasaðra og látinna árið 2015



## Hlutfall bílaleigubíla af bílaflota landsins

### Bílaleigubílar



ÁRÍÐ 2014

12.179

ÁRÍÐ 2015

15.401

ÁRÍÐ 2016

18.500

Áætlun Íslandsbanka

### Húsbílar



RÚMLEGA

20 fyrirtæki leigja út húsbíla

Ekki var hægt að nálgast nákvæmar tölur yfir slíka bíla í umferðinni.

6,8%

ÁRÍÐ 2015

Hlutfall bílaleigufloata af heildarfólksbílaflota.



## Hálendisvakt og skóli fyrir túrista

**SAFETRAVEL** var sérstaklega sett á laggirnar til að bæta slysavarnir. Að verkefninu koma ráðuneytið og stofnanir, greinin sjálf, hagsmunaaðilar og Slysavarnafélagið Landsbjörg sem gegnir þar lykilhlutverki. Yfir hálf milljón ferðamanna sótti fróðleik um örugga ferðahegðun hér landi á vefsíðunni safetravel.is. Þar geta ferðamenn skilið eftir ferðaáætlun og látið vakta örugga heimkomu. Hátt í 2.000 ferðamenn nýttu sér það á síðasta ári. Á haustdögum mun ferðamaður sem er með virka ferðaáætlun geta fengið sms með aðvörðunum um veður og annað sem gæti truflað ferðalagið. Safetravel rekur einnig skjáupplýsingakerfi ferðamanna og hefur komið upp 70 sjónvarpsskjáum á vinsælum viðkomustöðum ferðamanna. Á hverjum skjá má finna upplýsingar s.s. vefmyndavélar Vegagerðarinnar, veðurspá, aðvaranir, færðarkort og fleira.

**HÁLENDISVAKT BJÖRGUNAR-SVEITANNA** er starfrækt á hverju sumri og styrkt af ráðuneytinu. Fjórir hópar sjálfbodaliða björgunarsveita standa vaktina og liðsinntu um 4.000 ferðamönnum á síðasta ári.

**ICELAND ACADEMY** er rafrænn skóli fyrir ferðamenn sem Íslandsstofa hefur sett á fót. Markmiðið með skólanum er að aðstoða ferðamenn við að ferðast öruggir um landið okkar. Þar er beinlínis lögð áhersla á að þó Ísland sé fagurt þá geti leynst þar margar hættur fyrir þá sem ekki þekkja aðstæður. Vefsíðan geymir t.a.m. upplýsingar um hvernig best sé að keyra um Ísland, hvernig maður ferðast á jöklum og hvernig maður býr sig undir það að stunda vetraríþróttir á Íslandi.

Ragnheiður Elin Árnadóttir, ráðherra ferðamála

## Öryggi ferðamanna eitt helsta áherslumálið

Ragnheiður Elin Árnadóttir, ráðherra ferðamála, segir ávallt dapurlegt þegar fólk slasast í umferðinni. „Það að tryggja öryggi ferðamanna er eitt af helstu áherslumálunum sem við höfum verið að vinna að á undanförunum árum. Við höfum lagt mikla áherslu á að vinna heildstætt, þvert á ráðuneyti og með fagaðilum eins og Landsbjörg, með það að markmiði að tryggja enn betur öryggi ferðamanna.“

Ragnheiður Elin segir jafnframt að fyrst og síðast þurfi samhæfð vinnubrögð margra. „Þessi mál heyrja undir fjölmörgum ráðuneyti og stofnanir. Þess vegna var á vettvangi Stjórnstöðvar ferðamála í upphafi árs strax lögð sérstök áhersla á að vinna tillögur sem lúta að öryggi ferðamanna með aðkomu allra þessara aðila. Í kjölfarið voru samþykktar tillögur sem ríkisstjórn

fjallaði um og komu í framkvæmd hjá viðkomandi ráðuneytum.“

Þær tillögur lúta meðal annars að úrbótum á fjölförnum ferðamannastöðum, aukinni löggæslu, auknum merkingum og vetrarþjónustu á vegum, aukinni landvörslu, löggæslu á hálendinu, bættri upplýsingagjöf, forvörnum og svo framvegis.

Ragnheiður Elin segir mikla þörf á því að upplýsa ferðamenn sem hingað koma um þær hættur sem leynast í íslenskri náttúru. „Það hefur verið unnið að því markvisst undanfarið að bæta þessa upplýsingagjöf til erlendra ferðamanna.“

Hver er ábyrgð okkar, yfirvalda, í þessum efnum og hvenær þarf fólk einfaldlega að bera ábyrgð á sér sjálf?

„Þetta er mjög góð spurning því auðvitað berum við öll ábyrgð á einhvern hátt,“ segir Ragnheiður Elin.

„Við sem ferðamenn, hvar sem

Ísland er margbrotið land og

oft erfitt yfirferðar fyrir þá

sem ekki þekkja til. Stjórn-

völd geta auðvitað aldrei

komið í veg fyrir að ferða-

menn hunsi viðvaranir

á skiltum á hættulegum

stöðum.



við erum í heiminum, berum auðvitað ríka ábyrgð á öryggi okkar sjálfra. Hvort sem það er erlendir ferðamaður að keyra á fjallvegum á Íslandi eða íslenskur ferðamaður sem keyrir á hraðbrautum eða í stórborgum í útlöndum. Stjórnvöld bera ábyrgð á að tryggja innviði, að þeir séu í lagi, og því að koma réttum upplýsingum á framfæri. Á það hefur verið lögð áhersla, verkefalistinn er langur, verkefnum er ekki lokið en margt hefur áunnist. Núverandi ríkisstjórn hefur veitt rúma 2,3 milljarða til sjóðsins. Það hefur gert honum kleift að styðja við uppbyggingu um allt land og huga vel að öryggismálum. Ísland er margbrotið land og oft erfitt yfirferðar fyrir þá sem ekki þekkja til. Stjórnvöld geta auðvitað aldrei komið í veg fyrir að ferðamenn hunsi viðvaranir á skiltum á hættulegum stöðum.“

Ólöf Nordal samgönguráðherra

## Unnið að því að bæta öryggi vegakerfisins

Ólöf Nordal innanríkisráðherra, sem fer með samgöngumál, segir umferðaröryggisaðgerðir nýttast öllum vegfarendum, ekki eingöngu erlendum ferðamönnum. Unnið sé að því nú að bæta öryggi vegakerfisins. Það sé allra hagur.

„En það er langtímaverkefni sem kallar á auknið fjármagn. Varðandi erlenda ferðamenn sérstaklega hafa menn reynt að fræða þá um aðstæður til aksturs hér á landi,“ útskýrir Ólöf og tekur stýrisspjöld í bílaleigubílum sem dæmi um tilraunir til fræðslu.

„Stýrisspjöldin hafa verið búin til í um áratug og voru endurhönnuð nú í ár, sérstök áhersla er til dæmis lögð á notkun bílbelta en dæmin

sanna að mikill misbrestur er á að ferðamenn noti þau,“ útskýrir ráðherrann.

Hún segir jafnframt að mjög víða þurfi að laga umhverfi vega í þeim tilgangi að draga úr meiðslum við útafakstur.

„Þar sem ekki er hægt að laga umhverfi þarf og verður að setja upp vegrið. En vegrið eru dýr,“ útskýrir Ólöf. Þannig getur aðeins einn kílómetri af vegriðum kostað á bilinu tólf til fimmtán milljónir króna.

„Í þetta fara árlegar fjárveitingar og viðbótarfé kom í ár en fengist auknið fé í umferðaröryggisaðgerðir yrði það mjög vel nýtt. Það má alltaf gera betur.“

Stýrisspjöldin hafa verið

búin til í um áratug og voru

endurhönnuð nú í ár, sérstök


áhersla er til dæmis lögð á

notkun bílbelta en dæmin

sanna að mikill misbrestur

er á að ferða-

menn noti þau.



Vegagerðin er í samskiptum við ferðaþjónustuna, flutningsaðila, sveitarfélög og aðra.

„Almennt er samt talið að ástand merkinga á landinu sé ágætt þótt megi gera betur,“ heldur hún áfram.

Mest hafi verið rætt um að bæta þurfi merkingar á ensku. Þá er farið öðru hvoru í sérstakt átak í merkingum til viðbótar við hefðbundna endurnýjun, eins og til dæmis á þessu ári þegar merkingar við einbreiðar brýr verða auknar, ekki síst með tilliti til fjölgunar erlendra ferðamanna.

„Við byrjum á kaflanum Reykjavík-Höfn en fyrsta einbreiða brúin þegar ekið er í austur frá Reykjavík er yfir Jökulsá á Sólheimasandi.“





# OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ALLA VERSLUNAR- MANNAHELGINA




Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Iceland





### FARÐU Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN

Fyrir þá sem eru með börn eða eru hrifnir af dýrum og/eða litlum grófum þá er þetta svo sannarlega helgin til þess að kíkja óáreittur í perlu Laugardalsins. Svo á vísit að vera bongóblíða í Reykjavík á laugardaginn og því hægt að ljúka heimsókninni með einum kaffibolla á Flóru.

# Í bænum um helgina?


Það fleytir ekki bít allra að skella sér í útilegu eða á hátíð á stærstu ferðahelgi ársins. Fyrir þá sem eru búsettir í borginni eða ætla að skella sér þangað í frí um helgina er nóg um að vera.

Gyða Lóa Ólafsdóttir  
gydaloo@frettabladid.is



### ENGIN RÖÐ Á DJAMMINU!

Kannastu við óbærilega og óendanlega röð á skemmtistöðum bæjarins? Núna getur þú farið að dansa og djamma á öllum þeim stöðum sem þú hefur ekki komist inn á fyrr! Nóg pláss á dansgólfinu og engin röð á klósettinu.




### TAKTU Á ÞVÍ Í RÆKTINNI

Ef þú hefur aldrei þorað að skella þér í Laugar, eða bara hvaða líkamsræktarstöð sem er, þá er komandi helgi rétti tíminn. Kynnstu tækjunum og spottaðu hvar klósett og vatnsbrunnar eru staðsettir svo að næst þegar þú kíkir á svæðið sértu með allt á hreinu.



Það þarf ekki alltaf að fara langt. Það er líka hægt að kíkja í dagsferð og sofa samt í þægilegu rúmi. Láttu hugmyndaflugid ráða för og kíktu í míní-borgarferð eða fjallgöngu. Heimurinn er þín ostra!


### LAUTARFERÐ



Haltu þína eigin hátíð á einhverju af útivistarsvæðum borgarinnar. Mörg græn svæði eru með útigrill sem hægt er að nota og hægt er að taka með sér frísbíðiska, kubb, teppi og eitthvað gott að drekka. Munið samt að henda öllu rusli í ruslafötur.

### FARÐU Í SUND

Það er auðvitað alltaf æðislegt að skella sér í sund og láta líða úr sér í pottinum. Hvað þá ef sú gula er að glenna sig. Verslunarmannahelgin er grúplögð til þess að athuga með einhverja af hinum fjölmörgu sundlaugum höfuðborgarsvæðisins og mögulega svamla einsamall í lauginni þar sem flestir íbúar ættu að halda sig úti á landi um helgina. Það spáir góðu á höfuðborgarsvæðinu.



Svo þarf maður ekkert alltaf að gera eitthvað ótrúlegt um hverja helgi. Stundum er líka bara allt í lagi að leggjast undir



teppi heima og lesa góða bók eða horfa á góða ræmu. Verslunarmannahelgin er jafn góð í það og hver önnur helgi!

**VERTU BARA HEIMA**



Lambakjöt

# Þjóðarréttur Íslendinga er lambakjöt



\*Um 74% þátttakenda í könnun Gallup, sem var unnin fyrir kokkalandslíðið, nefndu lambakjöt þegar þeir voru spurðir hver þjóðarréttur Íslendinga væri.







Maria Jimenez Pacifico er fyrirsæta í yfirstærð. Hún nýtir frægðina og sýnileikann til þess að berjast gegn einelti og staðalimyndum um líkamsstærð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Var með útlitið á heilanum

Fyrirsætan **Maria Jimenez Pacifico** segir mikilvægt að fagna fjölbreytileikanum. Við séum ekki öll steipt í sama mótið og samfélagið eigi að endurspeglja það. Þess vegna skipti miklu máli að fyrirsætur séu af öllum stærðum og gerðum.

Viktoría  
Hermannsdóttir  
viktorija@frettabladid.is



**H**ún er fyrirsæta í yfirstærð eða svokallað plus size model. Fyrirsætur í stærri stærðum hafa orðið meira áberandi í tískuheiminum undanfarið og sumir tala um miklar breytingar innan tískuheimsins í kjölfar þessa. Maria hefur sjálf setið fyrir í fjölmörgum tímaritum og auglýsingum. Núna fer hins vegar mest af tíma hennar í að berjast gegn einelti og staðalimyndum um líkamsstærð. Baráttuna byggir hún á eigin reynslu.

Maria er fædd og uppalin í Kólumbíu en flutti til Íslands þegar hún var fjórtán ára gömul. Móðir hennar hafði þá tekið saman við íslenskan mann og María flutti með móður sinni til landsins. Það reyndist henni mikið gæfuspor.

„Ég var rosalega óánægð með mig sem barn. Mér fannst ég ekki nægilega grónn og var byrjuð að þróa með mér búlimíu. Ég var lögð í einelti vegna stærðar minnar.“

## Þoldi ekki líkama sinn

Maria byrjaði í Austurbæjarskóla þegar hún fluttist til Íslands og segir margt hafa breyst þá. Vel var tekið á móti henni og hún fann sig fljótt í íslensku samfélagi. „Mér fannst mikill munur að koma hingað vegna þess að hér voru allir opnari. Þetta er allt öðruvísi samfélag en var í Kólumbíu.“

Hún segist aldrei hafa verið neitt sérstaklega grónn. „Éða bara venjuleg, ég var ekki taggrónn, ég var bara eins og ég var en samkvæmt þessu venjulega þá var ég of stór,“ segir hún. Unglingsárin einkenndust af baráttu við það að reyna að verða grónn. Hún var með lotugræðgi og reyndi ýmislegt til að greinast.

## Vildi fullkominn líkama

„Ég var með mikla búlimíu og þoldi ekki hvernig líkami minn leit út. Eftir að ég flutti til Íslands sigraðist ég á búlimíunni og byrjaði að starfa sem fyrirsæta. Ég var með algjörlega á heilanum hvernig ég leit út. Ég vildi fullkominn líkama í takt við kólumbíska staðla,“ segir hún og útskýrir að í Kólumbíu séu mjög ákveðnar hugmyndir um það hvernig konur eigi að líta út.

„Ég borðaði nánast ekkert og því sem ég borðaði kastaði ég upp. Ég byrjaði að nota magabelti þegar ég var 11 ára. Mér leið eins og þræl fegurðarstaðla. Ég notaði lyf frá ellefu ára aldri til þess að verða ekki svöng og greinast. Ég var mjög ung þegar ég byrjaði að hugsa um fegurðargerðir sem ég gæti farið í. Þær eru mjög algengar í Kólumbíu.“ Hún segist vera fegin að hafa ekki látið verða af því að undirgangast slíkar aðgerðir. „Í dag get ég montað mig af því að vera alveg náttúruleg.“

Maria þurfti á hjálp sálfræðings að halda til þess að losna við þessar ranghugmyndir sem hún hafði um sjálfa sig og eigið útlit. „Ég var hjá sálfræðingi í fjögur ár. Það hjálpaði mér rosalega mikið að komast inn í íslenskt samfélag þar sem ég fékk virðingu og viðurkenningu. Það opnaði augu mín þannig að ég gat lifað í frelsi án þess að skammast mín fyrir útlit og þyngd.“

## Appelsínuhúð og línur

Maria segist hafa vaknað einn daginn þegar hún var 19 ára og litið í spegil. „Ég horfði á mig í speglinum og sá stóru brjóstin mín, mjadmirnar og rassinn. Ég var með smá appelsínuhúð og línur. Mér brá að sjá hvað ég átti fallegan og heilbrigðan líkama. Síðan þá hef ég lifað frjáls og elskað að vera í eigin skinni. Það hefur gefið mér mikið sjálfstraust að taka líkama minn í sátt. Þá fékk ég kjark til að tala opinberlega um mína reynslu til að geta hjálpað öðrum sem hafa lent í svipuðum aðstæðum. Ég vil geta veitt fólki inn-



Maria hefur komið fram í fjölda fjölmiðla til að koma boðskapnum á framfæri.



Maria lifir nú frjáls og líður vel í eigin skinni.



ÉG VIL EKKI AÐ UNGAR

STELPUR ÞJÁIST EINS OG

ÉG GERÐI.

blástur til þess að sinna innri feegurð sem er mikilvægari en ytri.“

Hún hefur ferðast um Kólumbíu og haldið fyrirlestra í skólum til þess að berjast gegn einelti og staðalimyndum um líkamsstærðir. Hún hefur einnig komið fram í mörgum stórum fjölmíðlum þar í landi til þess að koma boðskapnum á framfæri – og heldur úti herferðum á netinu, í útvarpi og í sjónvarpi í Norður- og Suður-Ameríku.

„Ég held það sé mikilvægt,“ segir hún og heldur áfram: „Þetta er auðvitað að breytast mikið og það eru að koma fleiri fyrirsætur í yfirstærðum. Í Kólumbíu eru miklar skoðanir á fólki í yfirstærð. Maður þarf að vera mjög grannur til þess að passa inn. Fólk fer í alls konar aðgerðir til að greinast og líta öðruvísi út. Ég vil að fólk fagni því að vera eins og það er. Ég vil ekki að ungar stelpur þjáist eins og ég gerði. Þess vegna vil ég vera sýnileg og koma þessu á framfæri og nýta sýnileikann sem fylgir fyrirsætustarfinu til að koma fram skilaboðum gegn einelti. Það þurfa að vera fjölbreyttar fyrirmyndir.“

Maria segir mikilvægt að fólk átti sig á því að heilbrigði skipti öllu máli.

„Ég elska mig eins og ég er, það er númer 1, 2 og 3. Ég er heilbrigð, hreyfi mig mikið og borða hollt. Mér líður vel í eigin skinni en vandamálið er að það eru allt of margar konur sem eru það ekki. Ég horfi í spegilinn og er sátt við það sem ég sé en það var ekki þannig. Við erum öll mismunandi og það eiga ekki allir að reyna að vera taggrannir.“



## ACTIVE LIVER VIRKAR FYRIR MIG

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin, þar á meðal lifrina.

Jóna Hjálmarsdóttir hefur notað Active Liver í nokkra mánuði með góðum árangri. „Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er úr náttúrulegum efnum og ég hef fulla trú á að náttúru-efnin í vörunni stuðli að eðlilegri lifrarstarfsemi. Ég er sjúkraliði að mennt og er meðvitund um líkamstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina, þess vegna vildi ég prófa.“

Hún segist fljótt hafa fundið mun á sér. „Ég fékk fljótlega aukna orku og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd, enda inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum. Ég er í vinnu þar sem ég þarf að vera mikið á ferðinni, ég er í góðu formi, og hef trú á að Active Liver virki fyrir mig. Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um að halda meltingunni góðri,“ segir Jóna.

Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifrinni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

### NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.

Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. „Við erum ekki vön þeim. Of



Jóna Hjálmarsdóttir fann fljótt mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Active Liver. Margar ástæður geta verið fyrir því að fita safnast upp í lifrinni, til dæmis áfengisneysla.

“Einnig finn ég mikinn mun á húðinni, hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn.

stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru

það ekki einungis prótein sem geta örvað lifrarstarfsemina,“ útskýrir Ólöf Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri hjá IceCare.

Active Liver inniheldur náttúrulegu jurtirnar túrmerik og svartan pipar. Einnig ætíðistil og mjólkurþistil sem eru þekktir fyrir að stuðla að eðlilegri starfsemi lifrarinnar og gallsins. Einnig inniheldur Active Liver kólín sem stuðlar að eðlilegum fituefnaskiptum, viðheldur eðlilegri starfsemi lifrarinnar og stuðlar að eðlilegum efnaskiptum að því er varðar amínósýruna hómósýstein.

**IceCare**  
þín heilsa

**SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR**  
Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverzlunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is)

## NÝTT OG BETRA APP



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið í símanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.



Þú færð appið á [visir.is/fbl](http://visir.is/fbl) eða beint í gegnum



FRÉTTABLAÐIÐ





Þeir sem nota öryggisbelti margfalda lífslíkur sínar í umferðinni.

## Þurr augu?



Tvöföld virkni  
Sex sinnum  
lengri ending

án rotvarnarefna

Thealoz Duo® er ný aðferð við meðhöndlun augnþurks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar.

Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa, sem kemur á jafnvægi og verndar frumurnar á yfirborði hornhimnunnar, og hýalúronsýru, sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

provision

Fæst í öllum helstu apótekum.

ALLA DAGA VIKUNNAR Í OPINNI DAGSKRÁ KL. 18.30



VIÐ FLYTJUM ÞÉR  
FRÉTTIRNAR

Fréttir Stöðvar 2, í opinni dagskrá alla daga vikunnar, alla daga ársins, kl. 18.30.

365  
FRÉTTASTOFA

# BÍLBELTIN GETA BJARGAÐ LÍFI ÞÍNU

Þessa mestu ferðahelgi ársins er brýnna en nokkru sinni að minna jafnt farþega og ökumenn, sem hyggjast fara á milli staða í bifreið, á nauðsyn þess að nota bílbeltin. Þau bjarga eins og dæmin sanna.

Þótt öryggisbeltin hafi fyrir löngu sannað ágæti sitt og flestir ökumenn noti þau er sá litli hópur ökumanna sem ekki notar öryggisbelti sá vegfarendahópur sem er í hlutfallslega mestri lífshættu. Þetta sýna slysatölur undanfarinna ára. Það hefur margoft sýnt sig að einstaklingur sem ekki er spenntur í bílbelti er mun líklegri til að slást alvarlega og jafnvel látast lendi hann í slysi.

Á hverju ári verða banaslys sem rekja má til bílbeltaleysis. Rannsóknarnefnd samgönguslysa telur að 26 af þeim 103 sem létust í ökutækjum hefðu lífað slysið af hefðu þeir notað bílbelti. Það eru 25% látinna í ökutækjaslysum á 10 ára tímabili. Á síðustu fimm árum hafa 42 einstaklingar látist í bifreið á Íslandi. Af þeim voru 19 ekki í beltinu og í um þremur tilfellum til viðbótar var ekki hægt að úrskurða um beltanotkun. Það þýðir að af þeim 39 sem létust og vitað var um beltanotkun var aðeins rétt rúmlega helmingur í beltinu.

Flest þessara banaslysa áttu sér stað í dreifbýli þar sem beltanotkun er um 94% samkvæmt viðhorfskönnun Samgöngustofu. Við samanburð á þessum tveimur hlutföllum fæst að ökumenn og farþegar bifreiða eru í um 15 sinnum meiri lífshættu spenni þeir ekki beltin. Þessi 6% sem ekki eru með beltinu við akstur lenda í u.þ.b. jafn mörgum banaslysum og þessi 94% sem segjast vera í beltum samkvæmt viðhorfskönnun Samgöngustofu. Miðað við þessar tölur má ætla að nokkur hluti þeirra sem létust í umferðinni í bifreiðum hefði nánast örugglega komist lífs af með því að nota öryggisbelti. Í mörgum tilfellum var verið að fara stuttar vegalengdir og hraðinn oft á tíðum ekki mikill.



Mikilvægt er að farþegar, bæði í fram- og aftursætum, noti öryggisbelti, ekki síst þeir yngstu.

Í skýrslu frá Rannsóknarnefnd samgönguslysa kemur fram að hraðakstur og vanræksla á bílbeltanotkun séu tvær algengustu orsakir banaslysa í umferðinni. Einn laus einstaklingur í bíl stofnar ekki bara eigin lífi í hættu heldur einnig lífi þeirra sem eru með honum í bílnum og eru jafnvel sjálfir spenntir í öryggisbelti. Við árekstur eða bílveltu kastast sá sem er laus til í bílnum og höggþunginn getur orðið margföld þyngd viðkomandi. Sem dæmi má nefna að ef maður sem er 75 kg að þyngd lendir í árekstri á 70

km hraða án bílbeltis verður höggþungi hans u.þ.b. 6 tonn. Meðalþyngd karlkyns afríkufíls er á bilinu 4 til 6 tonn. Auk þess að nota öryggisbelti eru ökumenn og farþegar hvattir til að ganga tryggilega frá farangri þannig að ekki sé hætt á að hann kastist til og valdi líkamstjóni við árekstur. Nefndin ítrekar enn fremur fyrri ábendingar sínar um að ökumenn og farþegar noti alltaf bílbelti, hvort sem setið er í fram- eða aftursæti.

Upplýsingarnar eru fengnar frá Samgöngustofu

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarnefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429




JS WATCH CO. REYKJAVIK KYNNA MEÐ STOLTI

JETHRO TULL IAN ANDERSON

ÁSAMT GÓÐUM GESTUM FLYTJA

# JETHRO TULL CHRISTMAS SHOW

Í HALLGRÍMSKIRKJU  
ÞANN 7. & 8. DESEMBER



MÍÐASALA HEFST Á FIMMTUDAGINN KL. 10:00  
Á TIX.IS, TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA!

GILBERT  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - tel: 551-4100

*JS Watch co.*  
REYKJAVIK

INNES

HOTEL  
HOLT



Létt og þægileg í veiðina  
Veiðigleraugu með og án styrktarglugga



Kíktu við  
og mátaðu!

Gleraugnaverslunin Eyesland  
5. hæð Glæsibæ www.eyesland.is S: 577-1015



Hér má sjá Palace Theatre leikhúsið í London þar sem leikritið Harry Potter and the Cursed Child, eða Harry Potter og bölvunarbarnið, verður frumsýnt 30. júlí.



Alan Rickman sem fór með hlutverk Snape prófessors lést í byrjun árs. Minning hans verður heiðruð með táknrænum hætti á laugardaginn.



Á síðustu Harry Potter miðnæturöppun þegar beðið var eftir síðustu bókinni í sjö-leiknum mætti þetta hressa fólk með sófasett til að gera biðina bærilegri.



Það vakti athygli þegar leikkonan Noma Dumezweni var ráðin í hlutverk Hermione Granger á fullorðinsárum. JK Rowling segir að hvergi í sögunum sé tekið fram að Hermione sé hvít.

International  
CHAMPIONS CUP



SPORT

INTERNATIONAL CHAMPIONS CUP

Stærstu knattspyrnulið heims á Stöð 2 Sport. International Champions Cup fer fram 22. júlí til 13. ágúst og það verður ekkert gefið eftir. Öll bestu knattspyrnulið heims taka þátt í móti og hita upp fyrir komandi tímabil. Stöð 2 Sport verður beinar útsendingar frá öllum leikjum mótsins.

365.is | Sími 1817

365

# ACCIO MUGGLETUM! - MÆTIÐ, MUGGAR!

Ný bók um galdratrákinn, núna reyndar manninn, Harry Potter kemur í verslanir annað kvöld. Af því tilefni verður miðnæturöppun í Nexus Nóatúni. Bókin fer í sölu klukkan 23.01 að staðartíma.

Harry Potter aðdáendur sakna þess sárt að fá nýja bók í hendur en nú ár eru síðan sjöunda og síðasta bókin í bókaflökknum kom út. Nú geta þeir tekið gleði sína því ný bók kemur út um helgina um allan heim þar sem við hittum Harry og félagar fyrir á fullorðinsárum. Af því tilefni verður miðnæturöppun í Nexus í Nóatúni. „Harry Potter and the Cursed Child er ekki skáldsaga heldur handrit að leikriti sem verður frumsýnt annað kvöld í London. Þó fólk sé almennt ekki eins þjálf að í því að lesa leikrit vitum við að alvöru Potter-aðdáendur láta það ekki stöðva sig í því að lesa hana um leið og þeir geta komið höndum yfir hana,“ segir Dagbjört Kjartansdóttir hjá Nexus. „Við vorum með miðnæturöppun fyrir níu árum þegar sjöunda bókin kom út og það voru allir spenntir að gera þetta aftur núna. Við megum byrja að selja bókina eina mínútu yfir ellefu því við erum klukkutíma á eftir Bretlandi þar sem salan hefst eina mínútu yfir miðnætti á afmælisdegi Harry Potter, 31. júlí.“

Dagbjört lofar skemmtilegu kvöldi fyrir Potter-þyrsta. „Við ætlum að reyna að hafa þetta eins skemmtilegt og hægt er á meðan fólk bíður í röðinni fyrir utan, skreyta og vera með tónlist. Þá verður einnig búningakeppni og töfrasprotakeppni þar sem fólk getur búið til sína eigin töfrasprota, spurningakeppni og jafnvel litasamkeppni en það eru til svo margar skemmtilegar Harry Potter litabækur. Verðlaunin verða alls konar Harry Potter gersemar sem ekki hafa fengist í búðinni.“

Nýja bókin gerist nítján árum eftir að þeirri sjöundu lýkur og segir frá því hvernig Harry Potter



Dagbjört Kjartansdóttir á von á fjölda Harry Potter aðdáenda á opnunina.

tekst á við fullorðinsárin í skugga fortíðar. Ennfremur sjáum við hvernig sonur hans, Albus Severus, tekst á við hinn risastóra merki miða að vera sonur Harry Potter og nefndur í höfuðið á tveimur meisturum Hogwarts-skóla hefur í för með sér. Leikritið verður eins og áður sagði frumsýnt á laugardagskvöld og hefur vakið athygli fyrir ýmsar sakir, til dæmis þær að leikkonan Noma Dumezwenie, sem fer með hlutverk Hermione Granger á fullorðinsárum, er svört. Forsýningar hafa farið fram undanfarnar vikur og eru gagnrýnendur á einu máli um að hér sé á ferðinni leikrit sem uppfyllir væntingar bæði leikhúsfólks og Potter-aðdáenda.

Dagbjört á von á tvö hundruð manns en þegar hafa sextíu fest sér bókina í forsölu. „Það er alltaf gaman í biðröðunum hjá okkur, viðskiptavinir okkar eru svo yndislegir. Síðast var hópur sem kom með sófasett með sér, kom við í Góða hirðinum og keypti sófa, stóla og borð og var með þetta í röðinni.“

Hún segir að Íslendingar séu duglegir að bíða í biðröð, öfugt við það sem oft hefur verið talið. „Já já, það er mjög mikil raðamennning, allavega hjá okkar viðskiptavinum. Og núna, þegar við ætlum að vera með ýmislegt til afþreyingar, ætlum við að gefa fólki númer þannig að enginn þurfi að vera fastur á sama blettinum.“

Sjálf hlakkar Dagbjört mikið til að fá bókina í hendur. „Ég held að flestir Potter-aðdáendur séu mjög spenntir. Ég þekki fólk sem er að fara á leikritið í London í ágúst en það er eiginlega bara heppni því það er löngu orðið uppselt á allar sýningar.“ Hún segir Potter-aðdáendur alltaf þyrsta í meiri upplýsingar um heiminn sem sögurnar gerast í. „Við erum alltaf að vonast til þess að J.K. Rowling skrifi eitthvað meira.“

Dagbjört hvetur að lokum alla til að mæta með sprotana sína „Við ætlum að hafa kveðjustund fyrir Alan Rickman, leikarann sem lék Snape prófessor í myndunum. Snape varð uppáhaldsþersóna margra þegar upp var staðið og við ætlum að lyfta sprotunum okkar þeim Alan Rickman til heiðurs.“

Miðnæturöppunin verður í Nexus í Nóatúni 17. á laugardagskvöldið. Búðin verður opnuð klukkan eina mínútu yfir ellefu. [brynhildur@365.is](mailto:brynhildur@365.is)





## Dagþjálfun

Múlabær, dagþjálfun fyrir aldraða og öryrkja,  
auglýsir 50% stöðu í eldhúsi lausa til umsóknar

Múlabær er með 52 dagþjálfunarpláss. Opíð er frá kl 8:00-16:00 alla virka daga. Múlabær er með æfingaaðstöðu, vinnustofu, fjölbreytt félagsstarf, aðstoð við bað og hjúkrunarþjónustu. Boðið er upp á morgunmat, hádegismat og kaffi. Lögð er áhersla á að bæta lífs-gæði fólks, líkamleg og andleg. Múlabær státar af yfir 30 ára sögu.

### Helstu verkefni:

- Almenn eldhússtörf
- Móttaka skjólstæðinga
- Svara í síma
- Taka þátt í að bæta líðan skjólstæðinga Múlabæjar

### Reynsla og hæfni:

- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnu
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Reynsla og áhugi á að starfa með öldruðum

Starfshlutfall 50%.

Ráðning er frá 1.10.2016 eða eftir samkomulagi.

Vinsamlegast sendið umsóknir og ferilskrá til Múlabæjar, bt. Þórunnar Garðarsdóttur, Ármúla 34, 108 Reykjavík eða sendið á netfangið [thorunn.mulabaer@internet.is](mailto:thorunn.mulabaer@internet.is)

**Umsóknarfrestur er til 12.8. 2016.**

### Nánari upplýsingar veitir:

Þórunn Bjarney Garðarsdóttir, forstöðumaður  
Netfang: [thorunn.mulabaer@internet.is](mailto:thorunn.mulabaer@internet.is)

## GÆÐASTJÓRI (QUALITY & COMPLIANCE MANAGER)



Norðurflug leitar eftir góðum liðsauka. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af sambærilegum störfum, lipurð í mannlegum samskiptum og mikinn metnað fyrir starfinu. Um hlutastarf er að ræða.

### Helstu verkefni:

- Umsjón og eftirlit með gæðakerfi fyrirtækisins
- Skipulagning, framkvæmd og umsjón úttekta á starfssemi fyrirtækisins
- Umsjón og uppfærsla á rekstrar handbókum fyrirtækisins
- Aðstoð við túlkun og innleiðingu reglugerða í flugrekstur fyrirtækisins

### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Að minnsta kosti tveggja ára reynsla í sambærulegu starfi nauðsyn
- Þekking á íslenskum flugreglum, EASA Air Operations og Part-M reglugerðum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á Íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með **15. Ágúst 2016**. Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf ásamt ferilskrá, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir sendist á [boh@nordurflug.is](mailto:boh@nordurflug.is). Nánari upplýsingar veitir Birgir Ómar Haraldsson, framkvæmdarstjóri.



## Sérfræðingur á sviði nýsköpunar

Við leitum að skapandi og kraftmiklum einstaklingi með brennandi áhuga og reynslu af fjarskiptum og nýsköpun. Hjá Vodafone er mikil áhersla lögð á samstarf við nýsköpunarfyrirtæki þar sem unnið er að því að þróa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum félagsins. Starfið snýst um að leiða þróunarverkefni Vodafone á þessu sviði ásamt því að vera í miklum samskiptum við mismunandi samstarfsaðila á sviði nýsköpunar.

**Umsóknarfrestur er til og með 12. ágúst nk.**  
Nánari upplýsingar á [vodafone.is/storf](http://vodafone.is/storf)

**Vodafone**  
Við tengjum þig



# LAGER-STÖRF



## Olís óskar eftir ábyrgðarfullu og kraftmiklu fólki í störf á lager félagsins í Reykjavík

### Starfssvið:

- Almenn lagerstörf
- Móttaka á vörum
- Samantekt pantana
- Frágangur
- Átöppun
- Önnur tilfallandi verkefni á lager

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af lagerstörfum
- Snyrtimennska og reglusemi
- Reynsla af NAV kostur
- Lyftarapróf
- Góð almenn tölvukunnátta
- Jákvæðni og þjónustulund

Áhersla er lögð á ríka þjónustulund, stundvísi, snyrtimennsku og hæfni í mannlegum samskiptum.

Skilyrði er að umsækjendur hafi hreint sakavottorð og séu reyklausir.

**Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið frida@olis.is.**

**Umsóknarfrestur er til 8. ágúst.**

PIKANTINNA • Síma 163598



Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Vinur við veginn

## Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) óskar eftir Verkefnisstjóra svæðisskipulags Austurlands

Starf verkefnisstjóra svæðisskipulags Austurlands er nýtt starf á vegum SSA. Um er að ræða krefjandi og spennandi starf fyrir aðila með reynslu og brennandi áhuga á skipulagsmálum. Verkefnisstjórinn heyrir undir stjórn SSA og starfar með verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála og svæðisskipulagsnefnd Austurlands auk þess að starfa náið með sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum.

Gerð er krafa um að viðkomandi sé búsettur á starfssvæði SSA á Austurlandi og geti hafið störf 1. september nk. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2020, ráðið er til eins árs en með möguleika á framlengingu til þriggja ára. Launakjör eru í samræmi við kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Verkefnið er hluti af Sóknaráætlun Austurlands.

### Starfssvið

- umsókn með og ábyrgð á stjórnarsýsluþætti svæðisskipulagsins
- umsókn með uppbyggingu og viðhaldi gagnagrunna
- undirbúningur fundar og eftirfylgni ákvarðana nefnda
- áætlana- og skýrslugerð vegna vinnu við gerð svæðisskipulagsins
- umsókn með útböðum og samningum vegna vinnu ráðgjafa og verktaka sem taka þátt í svæðisskipulaginu
- samskipti við aðildarsveitarfélög svæðisskipulagsins, stofnanir, hagsmunaaðila og fl.
- uppbygging og viðhald heimasíðu svæðisskipulagsins

### Hæfniskröfur

- háskólamenntun sem nýtist í starfi, æskilegt er að umsækjandi uppfylli kröfur um menntun og starfsreynslu skipulagsfulltrúa samkvæmt 7. gr. skipulagslaga
- reynsla af verkefna- og fjármálastjórnun
- þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnarsýslu
- mjög góð tölvukunnátta
- reynsla af vinnu með gagnagrunna
- reynsla af greiningu á tölvfræðiupplýsingum
- leiðtogafileikar, frumkvæði í starfi, framsýni og skipulagsfærni
- framúrskarandi samskiptaeginleikar
- reynsla og hæfni til að miðla upplýsingum

Umsóknarfrestur er til 5. ágúst nk. og senda ber umsóknir á ssa@ssa.is. Umsókn skal samanstanda af kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið, og ferilskrá.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Blöndal, formaður stjórnar SSA (sigrunblondal@egilsstadir.is).



## Óskum að ráða matsvein eða matráð við Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Matsveinn eða matráður óskast í 100% starf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja frá 15. ágúst 2016. Laun eru samkvæmt kjarasamningum um ríkissjóðs við hlutaðeigandi stéttarfélag skv. nánari útfærslu í stofnanasamningi skólans.

Í starfinu felst meðal annars að sjá um: Rekstur mótuneytis skólans, sem ætlað er bæði nemendum og starfsfólki, matseld og frágang, innkaup og móttöku matvara, kaffiveitingar á fundum í samvinnu og í samráði við skólastjórnendur ofl.

Auk viðeigandi menntunar og/eða reynslu er sóst eftir starfsmanni sem hefur til að bera góða samskiptahæfni, frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hefur áhuga á að vinna með ungu fólki.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal skila í tölvupósti til skólameistara á netfangið kras@fss.is **eigi síðar en 10. ágúst 2016.**

Nánari upplýsingar má fá í síma 421-3100 eða í tölvupósti hjá Kristjáni Ásmundssyni skólameistara, kras@fss.is og Guðlaugu Pálsdóttur aðstoðarskólameistara, gp@fss.is. Öllum umsóknum verður svarað eftir að ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Skólameistari



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Kennarastöður við Ölduselsskóla

**Við Ölduselsskóla eru lausar tvær stöður kennara skólaárið 2016 - 17.**

- Staða umsóknarkennara í 4. bekk
